



Flóafár 2020 í FSu

Koppafeiti eða Grease-liðið stóð uppi sem sigurvegari í hinu árvíssa Flóafári sem fór fram á föstudag. Í Flóafári keppa lið undir stjórn nemenda í þrautum sem starfsmenn skólans útbúa. Keppt er um stig fyrir vandaðar þrautalausnir og að klára á góðum tíma. Skólinn allur er undirlagður, hver krókur og kimi notaður og mikill metnaður hjá öllum liðum að vera með flottan heildarsvip, útbúa sitt svæði, halda góðum liðsanda, semja skemmtiatriði og skipuleggja sig vel. Fimm lið tóku þátt að þessu sinni, hvert með sinn einstaka stíl, Kengúrur, Herkúles, Grease, Löggur og Game of thrones. Sem fyrr sagði vann Grease-liðið, en í öðru sæti varð Game of thrones og Löggur í því þriðja. Veittar voru

sérstakar viðurkenningar fyrir ákveðin atriði: Game of thrones fengu viðurkenningar fyrir borðalagningu og fyrir hellaðasta herópið og Grease fyrir svakalegasta svæðið, Herkúles fékk viðurkenningu fyrir biluðustu búningana, Kengúrur fengu viðurkenningu fyrir mögnuðustu hópmyndina og viðurkenningu fyrir skemmtilegasta skemmtiatriðið fékk Game of thrones.

Starfsmenn keppa svo innbyrðis um besta búninginn, en það voru þær Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir og Íris Þórðardóttir sem fengu viðurkenningu fyrir sína búninga.

Keppnin fór vel fram, allir stóðu sig mjög vel og dagurinn góður endir á vel heppnaðri viku með kæti og gleði að leiðarljósi eins og FSu-ingum er tamt.

Japanskur dagur í Listasafni Árnesinga

Börnin og fjölskyldur eru svo sannarlega ávallt velkomnir í Listasafn Árnesinga. Þó eru þau sérstaklega boðin velkomnir síðasta sunnudag í hverjum mánuði. Þá eru spennandi listasmiðjur í safninu undir dyggri stjórn starfsmanna safnsins. Síðastliðinn sunnudag var japanskur dagur. Dagskráin hófst með spjalli Gunnellu Þorgeirsdóttur um japanska menningu með áherslu á Tohoku-svæðið í Japan, en flott og spennandi ljósmyndasýning er í safninu um þessar

mundir frá svæðinu. Spjallið var aðlagð barnafjölskyldum og sló svo sannarlega í gegn.

Origami og kalligráfía

Að lokinni leiðsögn um sýninguna tóku börn og fullorðnir við að brjóta origami. Origami er sú list að brjóta pappírsarkir í ólík form eins og fugla, froska eða fólk. Sum origami hafa þann eiginleika að geta verið hreyfanleg eins og að blaka vængjum. Þá voru þær Reiko og Tomoko frá Japanska sendiráðinu gest-

ir og skrifuðu með japanskri kallígráfiu nafn gesta á pappírsörk. Sumir gestanna reyndu að herma eftir þeim en það er ljóst að mikla hæfni þarf til að ná tökum á þessu. Í samtali við þær stöllur segja þær að börn læri þessa tækni í skóla. Það sé þó möguleiki að læra þetta enn fremur. Þær líktu því við júdo, en eftir því sem maður lærir meira öðlast maður hærri gráður. Þeir sem eru meistara í greininni eiga áratuga nám að baki.

-gpp



12

Íslandsmeistararnir ráða nýjan þjálfara



8

Fyrst og fremst afþreyingarfélag



7

Vor í Árborg á næsta leiti

Brrr...
Það er farið að kólna.
Nú er rétti tíminn til að yfirfara og stilla hitakerfi og snjóbræðslur fyrir veturinn.

PÍPULAGNIR HELGA snögg og góð þjónusta


Selfossi - S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

HYBRID

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.
Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

Fundarboð
 Aðalfundur Slysavarnardeildarinnar Tryggva verður haldinn miðvikudaginn 4. mars nk. í Tryggvabúð á Selfossi kl. 20 (hús Björgunarfélagsins). Venjuleg aðalfundarstörf. Allir velkomnir.
 Stjórnin



UNDRALAGNIR
 ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGADJÓNSTA
 Sími 8484768
 UNDRALAGNIR@GMAIL.COM
 JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAEMEISTARI



PARKETSLÍPUN
 OG LAGNIR Á SUÐURLANDI

Slípunin er 99% rykfrí og eingöngu er notast við hágæða lökk og slípivörur.

Gerum föst tilboð eða fermetravörð.


Gólf list
 Parketlagning og viðhald

Sími 690 5115



Hrós vikunnar

Sveinn Kristján Rúnarsson
 er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Sveinn Kristján Rúnarsson

Hrós vikunnar frá mér fá allir **viðbragðsaðilar á Suðurlandi, lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir, sjúkraflytningafólk og Rauði krossinn**. Það eru mikil forréttindi að fá að tilheyra þessum frábæra hópi sem ávallt er tilbúinn að leggja á sig hvaða vinnu sem er til þess að tryggja öryggi okkar allra, það verður seint fullmetið og þakkað.

Sveinn Kristján Rúnarsson

Ég ætla að skora á vin minn Guðmund Úlfar Gíslason í Glámu til að koma með næsta hrós.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Guðmundur, sendu okkur hrósið á netfangið dagskrain@prentmet.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Ég er alltaf að reyna að virkja fólk til að sækja menningarviðburði

Í Stokk Art Gallery á Stokksleyri er listamaðurinn Alda Rose Cartwright með sýningu sem hún kallar Misseri. Síðasti dagur sýningarinnar verður næstu helgi í Stokk Art Gallery á Stokkseyyri þann 29. febrúar nk. Þá mun Alda, samhliða því að sýna verk sín, sýna fólki hvernig hún vinnur þau milli kl. 15 og 18. „Það er dálítið flókið að útskýra það fyrir fólki hvernig ég vinn, en einfaldara að sjá það. Ég hvet alla til að koma og sjá hvernig þetta er gert. Þetta er mjög gaman.“ Við kiktum í kaffi til Öldu og ræddum um listina og lífið.



Rauður þráður í verkunum

Aðspurð um verkin segir Alda þau séu grafíkverk sem hún hafi gert yfir langt tímabil. Verkin spanni í raun hennar feril frá því að hún fór í nám. „Ég mála líka með olíu og vatnslitum en ég ákvað að hafa sýningu eingöngu á grafíkverkunum mínum í þetta sinn. Það er dálítið gaman fyrir mig að sjá hvernig upphafið var og hvernig þetta hefur breyst og þróast í gegnum tíðina. Sýnir svolítið hvað ég hef verið að pæla á hverjum tíma. Þá kom mér smá á óvart að mér hefur alltaf fundist ég vera dálítið úti um allt sem listamaður með hugmyndir en þegar ég sé öll verkin saman þá er einhver heild yfir þeim þó þau séu gerð á ólíkan hátt,“ segir Alda.

Bandaríkin, Reykjavík og Stokkseyyri

Alda segir að hún sé fædd í Bandaríkjunum og hafi búið þar til fimm ára aldurs. Þá hafi hún flutt heim til Íslands. Hún fór þó aftur til San Fransisco í listháskóla og lærði grafík og málun. Eftir heimkomuna fór hún í nám í listgreinakennslu og útskrifaðist með leyfi upp á það

árið 2012. Alda bjó í Reykjavík, en eins og margir, flúði hátt húsnæðisverð í borginni. Þau hjónin fóru oft austur fyrir fjall í bíltúra og þá gjarna í bæina við ströndina. Það varð úr að þau fundu sér húsnæði sem þeim leist á og tóku ákvörðun um að flytja sig frá borginni út á land. Á Stokkseyyri líður þeim vel og þykir umhverfið, fólkið og náttúran heillandi. Við ræddum við Öldu muninn á því að vera listamaður í borg eða úti á landi.

Á landsbyggðinni er þetta öðruvísi

Aðspurð segir Alda finna ákveðinn mun. „Já, það er munur. Í Reykjavík er auðveldara að nálgast listina. Maður fer oft á söfn og sýningar og nær auðveldlega til annarra listamanna. Þá er auðveldara að vera með námskeið eða verkefni á stærri markaði, svona eins og silkiprykknaðmaki. Hér er það kannski dálítið erfiðara og maður þarf dálítið að hafa fyrir verkefnum sínum. Kosturinn er sá að ég er komin með gott rými til að vinna í og ég hef meiri sveigjanleika til að vinna í listinni því það er ekki jafn mikið hark hérna. Ég get unnið

í skertu starfshlutfalli við annað og sinnt listinni meðfram því sem dæmi.“

Nauðsynlegt að gera listina aðgengilega

Þegar við spjöllum áfram ómar sú hugmynd að fá fólkið út úr húsum sínum. Líkt og gjarna er talað um með ákveðinni fortíðarþrá þegar þurfti að fara í bankann, búðina og fleira og fólk var á ferðinni og hittist. Það eru margir að tala um að gamli bæjarbragurinn sé horfinn. Við erum sammála um að hún megi gjarna koma aftur. Öldu langar að virkja fólkið í gegnum listina, til að koma, eiga spjall eða bara hittast. „Mig langar til að listin sé aðgengilegri en hún er hér á Suðurlandi. Listin er fyrir alla. Það eiga allir að geta komið og notið listarinnar, eða ekki og haft skoðun á henni, eða ekki. Ég er alltaf að reyna að virkja fólk til að sækja menningarviðburði. Það er svo frábært þegar fólk kemur, bara til að kíkja eða skoða eitthvað sem það er ekki vant að upplifa dagsdaglega. Eina sem þarf er opin hugur og löngun til að kíkja út og skoða eitthvað nýtt,“ segir Alda að lokum.

-gpp

Hveragerðisbær eignast Kjöt og kúnst-húsið

Hveragerðisbær hefur fest kaup á húsinu að Breiðumörk 21 sem áður hýsti starfsemi veitingastaðarins Kjöt og kúnst.

Með kaupunum hefur bæjarfélagið tryggt að uppbygging á þessum reit í miðbæ Hveragerðisbæjar verði í takti við áherslur bæjarstjórnar um lifandi miðbæ þó að ákvörðun um endanlega notkun hússins hafi ekki verið tekin.

Íbúafundur um notkun hússins

Á miðvikudaginn 26. febrúar mun verða haldinn íbúafundur þar sem íbúar geta komið fram með hugmyndir um notkun hússins.



Safnað til handa Rauða krossinum

Þessar stúlkur héldu tombólu við Krumbúðina og gáfu ágóðann til Rauða krossins. Upphæðin var samtals 6.311 kr. Þær heita Sigurbjörg Magnúsdóttir og Andra Sjöfn Atladóttir.

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð** og **samstarf**
svo lífsgæði eflist og mannlíf á
Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með
aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni**
og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur nýjar **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 3. MARS, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum
SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



**HÁSKÓLA
DAGURINN**

29. febrúar kl. 12-16:00

Kynning á öllu
háskólanámi á Íslandi
Allir velkomnir!

Gamla gufan

Mig langaði að deila með ykkur hugleiðingum um fjarskiptasendingar ríkisútvarpsins sem stundum er kallað „Gamla gufan“. Ég er aðdáandi RÚV og vil veg þess sem mestan. Ég bý á Árborgarsvæðinu og hef lengi gert. Á sjálfum degi útvarps tók Gamla gufan upp á því að hiksta öðru hvoru, útsendingin datt út, stutt í hvert sinn, útsendingin endaði svo daginn með því að Rás 2 datt alveg út, rétt undir miðnætti. Svona hefur þetta verið í mörg, mörg, mörg ár. Fjarskiptasendingar RÚV á okkar svæði eru bévítans hallærisútsendingar. Ég var talsmaður almannavarna fyrir mitt svæði hér á árum áður og að auki bæjarfulltrúi Selfoss og Árborgar. Takið nú eftir ártalinu, 6. mars 1998 skrifaði ég fulltrúum RÚV bréf þar sem bent var á að ríkisútvarpið heyrðist illa á svæðinu. Þá höfðu tæknimenn RÚV tekið 100 watta útvarpsendi úr sambandi sem staðsettur var í mastrinu háa við Austurveg (Póst- og símamastrið). Íbúar umhverfis mastrið náðu engu nema RÚV vegna styrkleika sendisins. Brugðið var á það ráð að setja 10 watta sendi í mastrið sem átti að anna öllu Árborgarsvæðinu og langt upp í sveitir. Annar 500 watta sendir var settur í Arnarbæli í Ölfusi (neðarlega við Ölfusá). Þetta fyrirkomulag er enn þann dag í dag. Ég fékk fund með RÚV-mönnum um það leyti sem ég var að vinna að þessum málum rétt fyrir 2000. Þeir sögðu mér að mælingar sýndu að þetta væri í lagi, „þið eruð bara með léleg útvarpstæki“ leyfði enn sérfræðingurinn að nefna á fundinum.

Mastur á Ingólfsfjall

Við í bæjarstjórn Selfoss vorum þá að ræða við fulltrúa fjarskiptafyrirtækis á fjálsmarkaðnum, sem vildi koma upp sendimastri á Ingólfsfjall. Við heimilum þann gjörning með skilyrðum þess efnis að önnur fjarskiptafélög gætu leigt aðstöðu í mastrinu, við vildum ekki sjá fjölda fjarskiptamastra á brún Ingólfsfjalls. Þetta vildu aðilarnir ekki og ekkert varð úr framkvæmdum. Áfram héldu sendingar RÚV á svæðinu að vera með eindæmum lélegar. Staðan þá og staðan í dag er þannig að mjög erfitt er að láta sendingar RÚV hanga inni á öllum venjulegum tækjum öðrum en þeim sem senda í gegnum ljósleiðara.

Venjuleg tæki eru nánast á öllum heimilum í dag, eldhúsinu, bílskúrnum, hjónaherberginu og sumum barnaherbergjum, öllum vinnustöðum, bílum, sumarhúsum o.s.fv. Sendirinn í Selfossstönginni nær einfaldlega ekki að uppfylla þær kröfur sem við gerum til RÚV, og sendirinn í Ölfusinu virðist ekki ná neinu flugi þar sem hann er núna.

Reynslusaga

Við hjónin fengum okkur um daginn nýtt útvarpstæki í hjónaherbergið, það er svo þægilegt að láta morgunútvarp Rásar 1 vekja sig. Það gamla var bara ekki að ná sendingunum (sennilega bara lélegt eins og tækniröllid sagði). Flottur stöðvaleyti er á tækinu. Þegar ég var búinn að lesa leiðbeiningar, gúgla og trans-leita tókst mér að fá leitarann í gang. Bingó! Allt virkaði.

Bylgjan kom inn og ætlaði mig að drepa, hún var svo sterk. Suðurland, K-100 komu inn, meira að segja kom Arnþrúður Karls inn með Útvarp Sögu, plús Jesússtöðin, allar komu inn sjálfvirkt. Báðar RÚV stöðvarnar komu ekki inn, nýja útvarpið fann þær ekki. Aftur mátti ég gúgla og trans-leita, fann tölurnar fyrir RÚV 104,3 og 106,6 og náði að setja þær inn. Ríkisútvarpið hóf upp raust sína og heyrðist bara nokkuð vel, enda var ég búinn að leiða loftnetsnúrana sem liggur aftan úr tækinu upp á naglann sem heldur myndinni af stráknum Jesú, sem breiðir út fadmann yfir rúminu mínu. Skárra væri nú and..... að ekki heyrðist þokkalega með frelsarann sem loftnet. Verr gengur okkur að ná á tækið í eldhúsinu, höfum þó náð þokkalegu taki á tækninni, vefjum snúrunni um haldið á kaffikönnunni og þá heyrst sámiðlega með viðráðanlegu suði. Það er þó aldrei á vísan að róa með drægni því stundum þarf snúran að vefjast um skápahölduna á efri skápnum. Stofutækið og bílskúrstækið er í sámiðlega stuði enda erum við með hátt mastur á þaki hússins sem nemur Selfossmastrið sem er í þriggja km fjarlægð. Það er ekki öll sagan, tækið í bílnum nær jú RÚV þokkalega, en það er þó þannig að ef ekið er upp Biskupstungnabraut dettur sending út rétt við Þrastarlund og kemur ekki almennilega inn aftur fyrir en komið er langleiðina að Kerinu. Þá er Vera Illugadóttir búinn að drepa þúsundir manna og við náðum ekki að heyrta

hvaða einræðisherra var að verki. Styrkur bíltækisins er einnig alltaf að hækka og lækka. Tæknimenn segja mér að RÚV menn ná ekki að hafa sama hæðarstyrk á sendunum sem tækið sjálfkrafa nemur og notar hverju sinni á ferð um landið. Staðan er svona í dag og hefur verið sl. 25 ár rúm. Ef ég kveiki á rás RÚV hjá okkur er alltaf smá suð með sendingunni, eins og einhver í þularherberginu sé að láta finan sand renna í stórt vaskafat úr stáli.

Gamla gufan

Tappan tók alveg úr rétt fyrir áramótin síðustu. Þá stóð gamla gufan fyllilega undir nafni. Með sendingunni, í nokkra daga, bástur hljóð sem líkja má við eins strokks díselmótor-hljóð í bát á leið um hafflötinn í logni. Eða eins og gufumótor væri í gangi. ÞÁ, eftir tuttugu ár frá því ég rappaði við tæknimenn RÚV, hafði ég samband við simaskiptiborð RÚV og bað um viðtal við þann sem hefur með sendingar Gufunnar að gera. Allt sem hér hefur verið rakið að framan var dælt í kappann þegar hann svaraði símanum. Ástæða þess að ég vildi deila með ykkur þessum hugleiðingum eru svör og athugasemdir RÚV-mannsins. Hann tók mér afar vel og var ljúft að heyrta um málið frá hans hlið. Eins og ekkert væri skýrara sagði hann; „Já við höfum heyrt af þessu hjá ykkur á Árborgarsvæðinu, við erum nýlega búnir að framkvæma mælingar og ástandið er ekki gott“. Hann bætti um betur og sagði mér að úrbætur yrðu gerðar. „Sendarnir á Selfossi og í Arnarbæli virðast ekki ná góðum sendingum til ykkar“. Munið, 20-25 ár síðan þeim var sagt þetta.

Betri tíð(ni) framundan. Úrbætur sem gerðar verða, sagði kappinn, eru þær, að sendir verður settur í stöngina við Jörvík (einn km frá Selfossi). Einnig verður Arnarbælisendirinn settur upp á Skálafell í Ölfusi. Það tók ekki nema rúm 20 ár hjá tæknideild RÚV að komast að þessu, enda sennilega þrælmenntað fólk í sinni grein. Það er ekki annað hægt en að fagna þessu og vona að framkvæmdir taki ekki önnur 20 ár. Það er nú bara þannig að á okkar svæði búa þúsundir notenda og greiðenda RÚV, fólk sem á sama rétt og aðrir að til þeirra sé litið með nýjungar og betri fjarskipti svona sirka þegar þær eiga sér stað í Reykjavík.

Kristján Einarsson,
velunnari RÚV



Matgæðingur vikunnar er Valdís Bjarnadóttir.

Ég þakka stórvinkonu minni henni Berglinni fyrir þessa skemmtilegu áskorun. Hér kemur ein lafleitt og skemmtileg kebab-upskrift sem ég prófaði nýlega en hún er upprunnin af heimasíðunni www.solrundiego.is. Ég prófaði hins vegar grænmetisútgáfu af réttinum með falafel-bollum.



Valdís Bjarnadóttir

Kebab með falafel-bollum og jógurtsósu:

1. Byrjað á að steikja lauk, rauðlauk og papriku á pönnu. Vel saxað blómkál er einnig gott með. Ég kryddaði grænmetið eftir smekk og notaði ég salt, pipar, chili-krydd og hvítlauksduft.
2. Þegar grænmetið er tilbúið er það tekið af pönnunni og falafel-bollurnar settar á sömu pönnu og steiktar í 5-10 mínútur.
3. Ferskt grænmeti að eigin vali skorið niður. Ég notaði kál og agúrku.
4. Jógurtsósa smurð á stórar tortilla-vefjur og grænmetinu dreift yfir. Falafel-bollur skornar til helminga og raðað á hverja köku. Að lokum toppaði ég vefjuna með Sriracha mayo-sósu áður en ég lokaði þeim.
5. Steiki hverja vefju á sömu pönnu á hvorri hlið í um eina mínútu.

Dass af lime-safa
Smá hunang
Salt og pipar

Öllu hrært vel saman og smakkað til.

Þar sem ég þykist huga að heilsunni að miklu leyti kem ég hér með frábæra hollari útgáfu af Bounty-bitum. Þessi uppskrift er fengin frá henni Telmu á fitubrennsla.is.

Piparmintur
1/2 bolli kókosrjómi
1/4 bolli kókosolía
1/4 bolli kókosmjöl
2 tsk. hunang eða fiber gold-siróp
2 tsk. piparmintudropar

Blandið öllu saman í matvinnsluvél þar til slétt. Mótið 12 platta og setjið á bökunarpappír. Frystið í eina klukkustund. Bræðið súkkulaði að vild og hjúpið, ég mæli með 70% dökku súkkulaði.

Ég þakka kærlega fyrir mig og skora hér með á vinkonu mína og frænku hana Sesselíu Söring Þórisdóttur til að galdra eitthvað gómsætt fram sem næsti matgæðingur vikunnar. Spennið sætisólarnar og bíðið spennit eftir þeirri veislu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Hjörtur Leví Pétursson er stórtækur áhugaljósmyndari og iðinn við kolann. Hjörtur hefur gjarna notað dróna til myndatöku en er ekki síður líótækur á jörðu niðri. Hér er stórglæsileg mynd af Knarrarósvita með norðurljós, stjörnur og tunglið í bakgrunni. Fleiri myndir má sjá á hjorturlevi.com.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveg 25, Selfoss, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmanntson - Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Áður fyrr ég átti vist í ódalshöllum.
Oft má sjá mig uppi á fjöllum.
Eftir stríð ég lá á völlum.

Svar við gátu í blaði 2536: **NÁL.**
1. lína: Heynál - 2. lína: Netnál
3. lína: Saumnál

Stigið á strik – glæpasaga



Ný glæpasaga eftir Ingva Þór Kormásson heitir *Stigið á strik*. Þetta er þriðja bók Ingva Þórs en hann hlaut glæpasagnaverðlaunin Gaddakylfuna árið 2009.

Atli Jón er maður á miðjum aldri sem býr í Reykjavík. Eitt og annað plagar hann. Hann veit ekki enn hvað hann vill verða þegar hann verður stór. Eiginkonan er farin frá honum. Hann býr því einn með kettinum Brandi og lætur sér leiðast.


En svo fer ýmislegt óvænt að gerast í lífi Atla. Hann kemst á snoðir um leyndarmál sem leiðir hann á vit vafasamra manna er virðast tengjast dularfullum dauðsföllum. Útgefandi er Sæmundur bókaútgáfa.

Ný heimasíða Hveragerðisbæjar komin í loftið

Gamla heimasíða Hveragerðisbæjar var komin til ára sinna og orðið barn síns tíma. Í tilkynningu frá bæjarstjóra, Aldísi Hafsteinsdóttur kemur fram að heimasíðan hafi gengið í gegnum töluverðar breytingar og fengið gjörbreytt útlit. „Markmiðið með þessum breytingum er að gera síðu bæjarfélagsins notendavænni, einfalda viðmótið og bæta aðgengi að upplýsingum og þar með bæta þjónustu bæjarfélagsins,“ segir Aldís.

Heimasíðan er nú aðlöguð

að hinum ýmsu snjalltækjum en þróunin hefur verið í þá átt að sífellt fleiri leita sér upplýsinga í gegnum síma. Þá segir Aldís að notendur muni án vafa verða varir við ýmsar breytingar og meðal annars sé einfaldara en áður að senda ábendingar og skilaboð til bæjarfélagsins. Einnig geta áhugasamir búið til sína eigin viðburði sem birtast á viðburðadagatali bæjarins að loknu samþykki. „Heimasíðan er langt frá því fullbúin og enn verður unnið að ýmsum viðbótum sem munu



birtast notendum smám saman. Ekki hika við að senda okkur ábendingar um það sem betur má fara,“ segir Aldís að lokum.

Síðan hefur verið unnin af fyrirtækinu Stefnu ehf. sem áður hefur hannað fjölda heimasíða fyrir sveitarfélög landsins. -gpp

FRÆÐSLUFUNDIR SA
2020

STARFSMANNAMÁL OG KJARASAMNINGAR

Samtök atvinnulífsins bjóða félagsmönnum sínum upp á fræðslufundi um starfsmannamál og kjarasamninga sem gagnast öllum sem hafa starfsmannamál á sinni könnu. Farið verður yfir fjölbreytt efni og fyrirspurnum svarað. Fundað verður um allt land.

Meðal þess sem verður fjallað um:

- Ráðning starfsmanna
- Helstu réttindi og skyldur starfsmanna og vinnuveitanda
- Vinnutímastytting Lífskjarasamningsins 2019-2022
- Uppsagnir og starfslok
- Orlofsréttur
- Veikindi og vinnuslys

Lögfræðingar á vinnumarkaðssviði Samtaka atvinnulífsins sjá um fræðsluna.

SELFOSS

Fimmtudaginn 5. mars kl. 12.30-16.00
á Hótel Selfoss.

Fundirnir eru opnir starfsfólki aðildarfyrirtækja SA.
Vinsamlegast skráið þátttöku á www.sa.is.



Deildafundur Sláturfélags Suðurlands

Deildafundur Sláturfélags Suðurlands fyrir Gaulverjabæjardeild, Árborgardeild, Hraungerðisdeild, Villingaholtsdeild, Grímsnesdeild, Þingvalla/Grafningsdeild og Ölfusdeild verður haldinn í

Félagsheimilinu Þingborg

Þriðjudaginn 3. mars
kl. 20.30.

Dagskrá er hefðbundin deildafundarstörf. Bændur eru hvattir til að mæta, kynna sér rekstur félagsins og taka þátt í að móta stefnu þess til framtíðar.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samhug og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,



Ágúst Karl Sigmundssonar,
Fossöldu 12, Hellu.

Einnig viljum við þakka Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu fyrir ómetanlega umhyggju og stuðning.

Ágústína Ólafsdóttir

Sigmundur Rúnar Karlsson **Ásta B. Baldursdóttir**
Ólöf Ásta Karlsdóttir **Hermann Þorsteinsson**
Ingibjörg Lilja Karlsdóttir **Jón Ingþór Haraldsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

UNNUR BIRNA.. & BJÖRN THORODDSEN

29.FEBRÚAR > SKYRGERÐIN > HVERAGERÐI
7.MARS > MIDGARD BASE CAMP > HVOLSVÖLLUR
14.MARS > TRYGGVASKÁLI > SELFOSS
MIÐASALA Á TIX.IS

Þjóðsaga til næsta bæjar

Sýning fyrir alla fjölskylduna

Leikstjóri, höfundur leikgerðar og tónlistar:
Örn Árnason
Útsetning tónlistar:
Birgir Jóhann Birgisson

8.sýning laugardag 29.febr. kl:14:00
9.sýning sunnudag 1.mars kl:14:00
10.sýning laugardag 7.mars kl:14:00
11.sýning sunnudag 8.mars kl:14:00

Sýningum fer fækkandi

Miðaverð kr.1,500- fyrir börn 12 ára og yngri. Fullorðnir kr. 3,000-

Miðapantanir í síma 863-8522

Sýnt í Leikhúsinu Austurmörk 23.

LEIKFÉLAG
HVERAGERÐIS
STOFNAÐ 1947

Stjörnuteppe

Ungbarnateppi njóta sífelldra vinsælda og í dag gefum við uppskrift að hekludu teppi sem er svolítið öðruvísi í laginu, eins og stjarna. Teppið er heklað úr Hot Socks Perle, sem er einstaklega fallett merino ullargarn blandað með kashmere og sokkastyrkt. Garnið fæst í fjölda fallelgra lita, bæði einlitt og mislitt og það má þvo í þvottavél.

Efni:

Hot Socks Perle, 3 dk gular, 3 dk gráar, 2 dk hvítar. Heklunál no 3. 1 prjónamerki.

Skammstafanir:

ll-loftlykkja, st-stuðull, fl-fastalykkja.

Uppskrift:

Teppið er heklað í hring, byrjað í miðjunni. Fyrstu 7 umferðirnar eru heklaðar með gulu garni, svo koma rendur þannig; *1 hvít, 1 grá, 1 hvít, 1 grá, 2 gular, 1 grá, 1 hvít, 1 grá, 1 hvít, 2 gular*. Endurtakið * *. Athugið að sérhver umferð byrjar á 1 st sem heklaður er úr 2 ll.

Ljúkið hverri umferð með 1 fl í fyrsta stuðul. Endurtakið alltaf * * út umferðina.

Heklið 4 ll tengið í hring með 1 fl.

1.umf. Heklið 12 st í ll-hringinn.

2.umf. Heklið 2 st í hvern st fyrri umferðar.

3.umf. Heklið *1 st, 2 ll, 1 st* í annan hvorn st fyrri umferðar.

4.umf. Heklið *2 st, 2 ll, 2 st* í loftlykkjubogann. (Við þetta verður til aukning)

5.umf. Heklið *1 st í seinni stuðul fyrri umferðar (sem er næstur á undan loftlykkjubogannum), 2 st, 2 ll, 2 st í loftlykkjubogann, 1 st í fyrri stuðul fyrri umferðar*

6.umf. Heklið *1 st í hvorn tveggja síðustu stuðla fyrri umferðar, 2 st, 2 ll, 2 st í loftlykkjubogann, 1 st í næstu 2 st fyrri umferðar*



7.umf. Heklið *1 st í hvern þriggja síðustu stuðla fyrri umferðar, 1 st, 2 ll, 1 st í loftlykkjubogann, (Athugið að hér verður ekki aukning) 1 st í næstu 3 st fyrri umferðar*

8.umf. Heklið *1 st í hvern þriggja síðustu stuðla fyrri umferðar, 2 st, 2 ll, 2 st í loftlykkjubogann, 1 st í næstu 3 st fyrri umferðar*

9.umf. Heklið *1 st í hvern fjögurra síðustu stuðla fyrri umferðar, 2 st, 2 ll, 2 st í loftlykkjubogann, 1 st í næstu 4 st fyrri umferðar*

Haldið áfram á þennan hátt, þannig að aukning verður í 4 umferðum og svo kemur 1 umferð án aukningar. Það er gert til að aukning verði ekki of hröð og teppið verpið síður.

Hér voru heklaðar alls 49 umferðir, en að sjálfsögðu má fjölga/fækka umferðum að vild. Í síðustu umferðinni eru heklaðir 4 st í loftlykkjubogann, til að loka honum. Gangið frá endum, þvoðu úr mildu sápuvatni, leggið til þerris.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir.



Hannyrdabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Skref í rétta átt!

Þegar við hugsum um að byrja að hreyfa okkur, þá erum við gjörn á að hugsa mjög stórt og í huganum er hreyfingin orðin svo óraunhæf að við komumst að þeirri niðurstöðu að hreyfing sé bara alls ekki fyrir okkur! En hugtakið *hreyfing* er yfirgreipmikið í heild sinni og nær yfir nánast allar athafnir sem fela í sér hreyfingu með einum eða öðrum hætti. Almenn er hreyfing skilgreind sem einhverskonar vinna beinagrindarvöðva sem eykur orkunotkun umfram það sem gerist í hvíld.

Hreyfing hefur áhrif á líkamstarfsemi, meðal annars efna-skjptaferla, losun hormóna og annarra efna, bólgu- og ónæmisviðbrögð, og stuðlar að heilbrigðri líkamshyngd. Þetta vinnur allt saman til að minnka líkur á krabbameini.

Þegar við ætlum að byrja að hreyfa okkur er ágætt að setja sér raunhæfa áætlun sem innifelur

í sér hversu erfið hreyfingin á eða má vera, hversu langan tíma má hún taka, hversu oft ætlum við að stunda hreyfinguna og hvers konar hreyfingu ætlum við að stunda. Þegar horft er til hreyfingar sem heilsubót er átt við hvers konar hreyfingu sem er að minnsta kosti miðlungs erfið og bætir heilsu og færni án þess að valda skaða eða hættu.

Dæmi um hreyfingu til heilsu-bótar má nefna röska göngu, garðvinnu, heimilisþrif, að hjóla, synda eða skokka rólega. Viðmiðið á erfiðleika er að hjartsláttur og öndun verða örari en venjulega en þó ekki hraðari en að hægt sé að halda uppi samræðum.

Þegar hefja á hreyfingu er upplagt að leita sér ráðlegginga hjá fagfólki eða lesa sig til á veraldarvefnum, til dæmis á vef Landæknis þar sem finna má ýmsar ráðleggingar um hreyfingu.

MOTTUMARS

KARLAHLAUP
KRABBAMEINSFÉLAGSINS
Í MOTTUMARS

SKREF Í RÉTTA ÁTT

HARPA | REYKJAVÍK | 1. MARS 2020

Krabbameinsfélag Árnessýslu minnir á rútuferð í Karlahlaupið þann 1. mars og hvetur alla karla að skrá sig til leiks – sjá nánar á heimasíðu félagsins, www.krabbameinsfelagarnessyslu.is og á www.mottumars.is. Félagið hvetur alla til almennrar hreyfingar, heilsan er okkur mikilvæg og verðum við stöðugt að huga að henni og efla með daglegri hreyfingu!

Hreyfing sem forvörn –
Mottumars 2020.

Krabbameinsfélag Árnessýslu.



Mynd: Hlöðver Þorsteinsson, Eyrarbakka.

Áhugaverð tíðindi úr bæjarstjórn Svf. Árborgar

Sá óvenjulegi atburður átti sér stað á bæjarstjórnarfundi Svf. Árborgar þann 19. febrúar sl. að á dagskrá fundarins var m.a. tillaga frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins sem sveitarstjóri Bláskógabyggðar er skráður höfundur að. Það hlýtur að vera fordæmalaust að æðsti embættismaður í nágrannasveitarfélagi skuli stíga með svo afdráttarlausum hætti inn í pólitíska umræðu í öðru sveitarfélagi.

Svf. Árborg og Bláskógabyggð hafa um langt árabíl átt í farsælu samstarfi í gegnum Héraðsnefnd Árnesinga og Samband sunnlenskra sveitarfélaga auk annars samstarfs sveitarfélaganna. Það er ljóst að inngríp sveitarstjóra Bláskógabyggðar í pólitísk álitafni í Svf. Árborg er ekki til þess fallið að styrkja það samstarf. Treysta bæjarfulltrúar D-lista í Árborg sér ekki til þess að semja sjálfir þær tillögur, bókanir eða fyrirspurnir sem þeir vilja koma á framfæri? Það er skoðun undirritaðra að aðrir en starfandi sveitarstjóri í nágrannasveitarfélagi séu mun heppilegri aðstoðarmenn bæjarfulltrúanna.

Nú er það svo, að viðkomandi einstaklingur er fyrsti varabæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Svf. Árborg, en hefur þrátt fyrir það aldrei setið bæjarstjórnarfundi á kjörtímabilinu heldur hafa nokkrir varabæjarfulltrúar sem eru neðar á lista komið inn í forföllum aðalmanna. Sú staðreynd er engan veginn í takt við þann áhuga sem varabæjarfulltrúinn og sveitarstjóri Bláskógabyggðar virðist hafa á bæjarmálum í Árborg.

Tillaga D-lista og breytingartillaga meirihluta Á, B, M og S-lista

Efnislega fjallaði áður nefnd tillaga D-lista um að rannsakaðar yrðu einstaka embættisfærslur starfsmanna sveitarfélagsins vegna nauðsynlegra breytinga á ráðhúsi Svf. Árborgar. Starfsmenn sveitarfélagsins njóta fulls trausts hjá bæjaryfirvöldum og því er þessi tillaga einstök að því leyti, að tilgangurinn hlýtur að vera sá að koma höggi á einstaka starfsmenn.

Meirihluti bæjarstjórnar tók þá afstöðu að fyrst að áhugi bæjarfulltrúa minnihlutans lægi í því að rannsaka staka fram-

kvæmd væri einboðið að samþykkja það og skoða í leiðinni fleiri framkvæmdir sem farið hefur verið í á undanföllum árum með það að markmiði að bæta verklag og verkferla vegna framkvæmda á vegum sveitarfélagsins.

Tilgangur meirihluta bæjarstjórnar er ekki sá að skoða einstakar embættisfærslur starfsmanna líkt og tillaga D-lista gerði ráð fyrir, heldur miklu frekar að fá fram upplýsingar sem geta nýst starfsmönnum og ekki síður kjörnum fulltrúum við að bæta verklag og verkferla til framtíðar.

D-listi á móti nauðsynlegum framkvæmdum

Annað sem var áhugavert á áður nefndum fundi bæjarstjórnar var sú afstaða bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að greiða atkvæði á móti lántöku til framkvæmda sem bæjarstjórn ákvað að ráðast í með samþykkt fjárhagsáætlunar sl. haust. Bæjarfulltrúarnir greiddu þar með atkvæði á móti því að sveitarfélagið óskaði eftir því við Lánasjóð sveitarfélaga að veita lán til nauðsynlegra framkvæmda. Má þar meðal annars nefna nýjan grunnskóla í Björkustykki, nýjan 6 deilda leikskóla við Engjaland, byggingu nýs hjúkunarheimilis og fjölnota íþróttahúsið sem nú er að rísa á Selfossvelli, svo fátt eitt sé nefnt. Það er dapurlegt að verða vitni að því á fundi bæjarstjórnar, sem er opin og sendur út og allir geta fylgst með, að kjörnir fulltrúar skuli opinbera ábyrgðarleysi sitt og lýsa sig andstæðinga framkvæmda sem nauðsynlegar eru til þess að samfélagið haldi áfram að vaxa og dafna.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista
Helgi S. Haraldsson, B-lista
Sigurjón Vídalín
Guðmundsson, A-lista
Tómas Ellert Tómasson, M-lista

Vor í Árborg á næsta leiti

Það eru vafalaust einhverjir sem famnir eru að verða langeygir eftir vorinu. Hjá Sveitarfélaginu Árborg eru þó ýmsir famnir að huga að vorverkunum, enda hátíðin Vor í Árborg á næsta leiti. Við renndum við hjá Ólafi Rafnari Ólafssyni, atvinnu- og viðburðafulltrúa Árborgar og fengum að heyra aðeins af því hvernig verkefninu miðar áfram.

Aðalatriðið að hafa gaman að þessu

„Þetta verkefni, Vor í Árborg, er klárlega búið að festa sig í sessi. Þetta er fyrst og fremst fjölskylduvæn menningarhátíð. Markmiðið er að fá íbúana örlítið á hreyfingu innan sveitarfélagsins og njóta þeirra fjölda viðburða sem í boði verða. Ólafur tekur einnig fram að þótt dagskráin sé að hluta til í föstum skorðum þá er hún á undirbúningsstigi

og nú sé verið að leita fanga. „Við óskum eftir hvers kyns tillögum að dagskráratriðum eða hugmyndum um menningarviðburði til að þetta dagskránni enn frekar. Þá óskum við eftir þátttöku félaga og samtaka, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga.“

Fastir liðir á sínum stað – nýtt í bland

Aðspurður um hvort kollvarpa eigi dagskránni svarar Ólafur. „Nei, svo sannarlega ekki. Það verða fastir liðir á sínum stað ef svo má segja. Fjölskyldu leikurinn „Gaman saman sem fjölskylda“ verður sem fyrr á hátíðinni. Mér finnst líka rétt að segja frá því að, sem fyrr þá verðum við með sérstakt vegabréf sem gefið verður út með dagskrá hátíðarinnar. Þar verður hægt að stimpla í bréfið við hverja þátttöku í útvöldum viðburðum eða



heimsókn á viðburði. Bréfinu má svo skila inn og dregið verður úr innsendum vegabréfum þar sem skemmtileg verðlaun verða í boði.“ Það er ljóst að flestir munu finna sér eitthvað við sitt hæfi á hátíðinni. Hvort sem þeir eru vanafastir eða tilbúnir í óvissuna. Alltént er vorið á næsta leiti og við tökum því fagnandi. -gpp



Auglýsingasíminn er 482 1944

Búslóðaflutningar og vörudreifing
Sendibílar Suðurland 820 3880, Tómas

Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna kynnir:

ALLIR á sviði

Gamanleikrit eftir Michael Frayn í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar

Sýnt er í Aratungu og allar sýningar hefjast kl. 20.00

26. febrúar – 6. sýning
28. febrúar – 7. sýning
29. febrúar – 8. sýning
4. mars – 9. sýning

Miðaverð: 3000
Eldri borgarar: 2000
Börn: 1500 (grunnskólaaldur og yngri)

Leikhúsmatseðill verður í boði Mika Borðapantanir í síma 486-1110 eða mika@mika.is

Upplýsingar og miðapantanir í síma 896-7003

Leikfélag Ölfuss kynnir:

Kleinur

eftir Þórunni Guðmundsdóttur.

„Þessar Kleinur hérna eru óvenju mjúkar og óvenju bragðgóðar“

Verkið fjallar um sérvitinginn Sigga, sem er smiður eins og Jesús, og sýnir okkur æviferil hans frá vöggu til grafar. Þórunn skrifaði upphaflega fyrsta þáttinn sem einþáttung og bætti svo við fjórum í viðbót þar sem fólk varð afar forvitnið um þennan furðulega fyr og samskipti hans við samferðafólkið. Árný Leifsdóttir leikstýrir verkinu.

5. sýning	27. febrúar	kl. 20
6. sýning	3. mars	kl. 20
7. sýning	6. mars	kl. 20
8. sýning	7. mars	kl. 20
9. sýning	13. mars	kl. 20
10. sýning	17. mars	kl. 20
11. sýning	20. mars	kl. 20
12. sýning	21. mars	kl. 20
13. sýning	27. mars	kl. 20
14. sýning	31. mars	kl. 20

Fjórar sýningar fyrir fullu húsi. Sýningin hefur fengið mjög góða dóma. Sýnt er í Versölum í Þorlákshöfn.

Miðasala er í síma 786 1250 á milli kl. 12-18 en hægt er að senda sms utan þess tíma. Miðaverð er 2500 kr.

Óska eftir smiðum eða mjög vönum mönnum í byggingarvinnu.

Kvistfell ehf.
senda umsókn á
kvistfell@simnet.is



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024.

Lambalækur - Aðalskipulagsbreyting

Um er að ræða breytingu á landnotkun á rúmlega 25 ha svæði úr jörðinni Lambalækur í Fljótshlíð, þar sem frístundasvæði (F) er breytt í íbúðarbyggð (ÍB). Hin nýja íbúðarbyggð mun sameinast íbúðarsvæði ÍB-366. Á sameinuðu íbúðarsvæði verður gert ráð fyrir allt að 18 íbúðarhúsum.

Grenstangi - Aðalskipulagsbreyting

Um er að ræða breytingu á landnotkun á rúmlega 4 ha svæði úr jörðinni Grenstangi í A-Landeyjum, þar sem frístundasvæði (F) er breytt í íbúðarbyggð (ÍB). Á íbúðarsvæðinu verður gert ráð fyrir allt að 8 íbúðarhúsum.

Hamar - Aðalskipulagsbreyting

Um er að ræða breytingu á landnotkun á 2,0 ha spildu á lóðinni Hamar, A-Landeyjum, úr landbúnaðarsvæði (L) í svæði undir verslun- og þjónustu (VP).

Kirkjuhvoll - Aðalskipulagsbreyting

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á um 0,3 ha af íbúðarbyggð (ÍB14) og um 0,5 ha af landbúnaðarsvæði (L) í svæði fyrir samfélagsþjónustu (S).

Útskák - Aðalskipulagsbreyting

Um er að ræða breytingu á landnotkun á rúmlega 5 ha svæði sem nefnist Útskák sem er upprunalega úr landi Kirkjulækjarkots. Breytt er landnotkun úr landbúnaðarlandi (L) í íbúðarbyggð (ÍB) og frístundabyggð (F). Íbúðarbyggðin er með allt að fimm lóðum og frístundabyggðin með allt að fimm lóðum.

Ystabælliskot - Aðalskipulagsbreyting

Um er að ræða um 20 ha spildu úr Ystabælliskoti L163695, þar sem landnotkun verður breytt úr landbúnaðarsvæði (L) í íbúðarbyggð (ÍB). Gert verður ráð fyrir 5 íbúðarhúsum á svæðinu.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Grund - Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagið tekur til ríflega 10 ha spildu úr jörðinni Miðey land í A-Landeyjum, sem kallast Grund. Gert er ráð fyrir afmörkun þriggja íbúðarlóða ásamt byggingarreitum auk byggingarreits utan um núverandi sumarhús á jörðinni.

Hamar - Deiliskipulagstillaga

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir byggingu allt að 7 gistiskálum, hver um sig 35-60 m² og aðstöðuhúsi allt að 250 m². Heildarbyggingarmagn getur verið allt að 700 m². Mænishæð getur verið allt að 6m.

Kirkjuhvoll - Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagstillagan tekur til allt að 3.000 m² stækkunar á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoll. Gert er ráð fyrir stækkun á Heilsugæslustöðinni um allt að 370 m² og allt að 24 íbúðum fyrir 60 ára og eldri. Íbúðirnar verða í raðhúsum og parhúsum á einni hæð og er gert ráð fyrir að hluti þeirra verði með bílskúr.

Útskák - Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagstillagan nær til Útskák, um 5 ha landspildu úr landi Kirkjulækjarkots í Fljótshlíð. Tillagan tekur til afmörkunar fimm íbúðarlóða og fimm frístundalóða.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur og tillögur að breytingum á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 26. febrúar 2020. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 8. apríl 2020. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
skipulags- og byggingarfulltrúi

Í notalegu heimboði til FEBH

Aðgöngunum barst okkur heimboði í Félag eldri borgara í Hveragerði. Markmiðið var að kynna starfi félagsins. Það er óhætt að segja að þar sé afar blómlegt og öflugt starf, hvar allir geta fundið sér eitthvað við sitt hæfi. Á mót okkur tók formaður félagsins, Kristín Dagbjartsdóttir sem fræddi okkur um starfsemina og gildi þess að taka þátt í starfinu með hvaða hætti sem það er. Andinn í húsinu er góður og ljóst að ákveðinn fjölskyldubragur er á starfinu og hlýlegt viðmót innandyra.

Fyrst og fremst afþreyingarfélag

Þegar blaðamaður bar að garði voru félagsmenn niðursokknir í Boccia og spjalli um daginn og veginn. Á borði í aðstöðunni var búið að koma fyrir útskornum hlutum eftir eldri borgara sem nýta sér útskurðaraðstöðuna í handverkshúsinu. Enginn skortur er á listfengi í þeim munum sem þar voru til sýnis. Á þessu tvennu má sjá að mikið er um að vera og starfið fjölbreytt.

Frá stofn félagsins hefur stefnan verið sú að félagið sé fyrst og fremst afþreyingarfélag. Að sögn Kristínar skipti það sér ekkert af pólitíkinni. Það þýðir að öll áherslan er lögð á það að hafa gott og öflugt afþreyingarstarf og við spyrjum Kristínu út í það. Kristín telur upp fjölda atvika sem eru í gangi hjá félaginu: „Boccia, stólaeikfimi, þútt uppi í Hamarshöllinni, línudans og sundleikfimi í Heilsustofnuninni. Þá erum við með aðgang að handavinnuhúsi bæjarins fyrir handverk eins og tálgun og útskurð.“ Eitt af því sem Kristín talar um sem mikilvæga afþreyingu er gönguhópurinn sem heldur til á veturna í Hamarshöllinni fjarri hálfu og kulda. Þegar betur viðrar fer hópurinn svo út. Það þýðir að ekki þarf að setja veðrið fyrir sig þegar gengið er sér til heilsuþótar. Þá eru fastir fyrirlestrar dagar t.d. næringarfræðingar sem koma þar og ræða við fólk. Leikuhúsfærðir, vorferðir og í raun allt sem hugurinn gírmist. Það er því af nógu af taka fyrir þá sem vilja fara örlítið úr viðjum vanans og kynna fólk.

Það er áhersla á hreyfingu hjá félaginu eins og sjá má á gönguhópnum og samstarfi FEBH við Hveragerðisbæ. Á dögnum fór gönguhópurinn í 8 vikna námskeið undir stjórn þjálfara. Námskeiðið er undir flaggi Heilsueflandi samfélags og var þátttakendum að kostnaðarlausu en það var ætlað 60+. Aðspurð um þetta segir Kristín: „Við erum á þessu þriðja aldrarskeiði og það er svo mikilvægt að hreyfa sig og vera með rétta næringu til þess að sporna við. Það verður hægfare vöðvarýrmin eftir því sem við eldumst. Það má koma í veg fyrir það með réttu mataræði og hreyfingu,“ segir Kristín að lokum. Það er óhætt að hvetja eldri borgara í Hveragerði til þess að kynna sér starfið. Af nægu er að taka. Þó ekki væri nema til að fá sér eins og einn kaffibolla og spjalla um daginn og veginn!

Hér er tækifæri til að kynna öðrum

Ég spyr Kristínu hvers vegna mikilvægt sé fyrir fólk að taka þátt í félaginu og starfinu. „Í stað þess að sitja heima, þá kemur þú hér og kynnist fólk. Þá er alltaf eitthvað sem þú getur valið um að gera hér hjá okkur í stað þess að sitja einn heima.“ Í félaginu nú eru um 245 meðlimir. Yfir vikuna eru svona 100 til 120 sem mæta í hina ýmsu hópa.

Við tölum aðeins um einangrun og gildi þess að stíga út úr því. Kristín nefnir í því samhengi að það séu til dæmis fjölmargir aðilar sem eru að flytja annarsstaðar frá og hafa ekki búið hér fyrir austan. „Það er mikið af nýju fólkum hér í Hvera-

gerði og eins á Selfossi. Það fólk kemur svo hingað í FEBH því að hér er kannski tækifæri til að kynna öðrum. Þetta er líka félagsmiðstöð má segja. Nýbúar eru margir á þessum svæðum og þetta fólk þekkir kannski engan,“ segir Kristín.

Mikilvægt að sporna við og hreyfa sig

Það er áhersla á hreyfingu hjá félaginu eins og sjá má á gönguhópnum og samstarfi FEBH við Hveragerðisbæ. Á dögnum fór gönguhópurinn í 8 vikna námskeið undir stjórn þjálfara. Námskeiðið er undir flaggi Heilsueflandi samfélags og var þátttakendum að kostnaðarlausu en það var ætlað 60+. Aðspurð um þetta segir Kristín: „Við erum á þessu þriðja aldrarskeiði og það er svo mikilvægt að hreyfa sig og vera með rétta næringu til þess að sporna við. Það verður hægfare vöðvarýrmin eftir því sem við eldumst. Það má koma í veg fyrir það með réttu mataræði og hreyfingu,“ segir Kristín að lokum. Það er óhætt að hvetja eldri borgara í Hveragerði til þess að kynna sér starfið. Af nægu er að taka. Þó ekki væri nema til að fá sér eins og einn kaffibolla og spjalla um daginn og veginn!

-gpp



Ást í bók og bolla

Ástarmálþing Bókabæjanna í Tryggvaskála 27. febrúar kl. 20



Ekkert er betra en ástin – og því er málþing Bókabæjanna að þessu sinni helgað ástinni. Að vanda er dagskráin fjölbreytt og við flestra hæfi.

Húsið opnað kl. 19:30.

Dagskrá

Upphafstónar tónlistarkonunnar Myrru Rósar.

Yfirlit um ástina, á kvöldgöngu með hundinum.
Jón Ózur Snorrason flytur stutt ávarp um efni kvöldsins.

En anda sem unnast, fær aldregi, eilífð skilið.
Eldri borgarar á Selfossi flytja Ferðalok Jónasar Hallgrímssonar.

Fyrirlestrar:

Lífð er stundum eins og ævintýrabók
Rósa Vestfjörð Guðmundsdóttir frá Ásútgáfunni segir okkur frá Rauðu ástarsögnum sem glatt hafa þjóðina óslitið frá árinu 1985.

Þegar ástin grípur unglinginn

Hildur Ýr Ísberg íslenskukennari ræðir um ástarjátningar í unglingabókum þá og nú.

Á þessari djöflaeyju

Leikfélag Selfoss býður uppá brot úr sýningunni Djöflaeyjan sem frumsýnd verður 6. mars næstkomandi.

Afhending Sparibollans

Sparibollinn, nýstofnuð bókmenntaverðlaun, veitt fyrir fegursta ástarjátninguna í íslenskum bókmenntum 2019 verða afhent í fyrsta skipti.

Lokatónar Myrru Rósar.

AÐALFUNDUR NSS

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Suðurlands verður haldinn í Tryggvaskála á Selfossi fimmtudaginn 5. mars 2020 kl. 20.

Að loknum aðalfundarstörfum verða sýndar nokkrar myndir frá miðhálandinu.

Félagar eru hvattir til að mæta og nýir eru einnig hjartanlega velkomnir.

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Heildar endurskoðun aðalskipulags Árborgar.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur samþykkt að kynnt verði skipulags- og matslýsing fyrir heildarendurskoðun aðalskipulags Árborgar í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og matslýsingin er kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Tilgangur með gerð skipulags- og matslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa bæjarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Í lýsingunni er meðal annars sagt frá aðdraganda og tilgangi skipulagsgerðarinnar, áherslum bæjarstjórnar við gerð skipulagsins, helstu viðfangsefnum og meginmarkmiðum skipulagstillögunnar.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum endurskoðunar aðalskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

Lýsing mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir 16. mars 2020. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.arborg.is>.

Virðingarfyllst,
Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingarfulltrúi



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Æskilegt að viðkomandi geti byrjað sem fyrst eða eftir samkomulagi. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Upplýsingar veitir:
Geirlaug Jóhannsdóttir,
geirlaug@hagvangur.is

DEILDARSTJÓRI FÉLAGSPJÓNUSTU

Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar leitar að deildarstjóra félagsþjónustu. Um er ræða nýtt starf fyrir öflugan stjórnanda sem mun taka þátt í framsæknu umbótastarfi sveitarfélags í örum vexti og vera hluti af stjórnendateymi sviðsins.

Fjölskyldusvið sinnir fjölbreyttri þjónustu við einstaklinga, börn, fjölskyldur og stofnanir. Margar starfsstöðvar heyrja undir fjölskyldusvið og hefur deildarstjóri yfirumsjón með félagslegri þjónustu í sveitarfélaginu. Meðal verkefna félagsþjónustu eru félagsleg ráðgjöf, barnavernd, öldrunarmál, stuðningsþjónusta og málefni fatlaðra. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun í málefnum barna. Sviðsstjóri er næsti yfirmaður deildarstjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stjórnunar- og forystuhlutverk í almennri félagsþjónustu
- Ábyrgð á rekstri og skipulagningu félagsþjónustu
- Ábyrgð á innra starfi, starfsmannamálum og samskiptum við notendur
- Ábyrgð á áætlanagerð í samræmi við lög og reglugerðir og stefnu fjölskyldusviðs
- Ábyrgð og þátttaka í stefnumótun, m.a. rafrænni þjónustu og samstarfi við stofnanir
- Ábyrgð og þátttaka í mótun verkferla, gerð starfsáætlana og endurskoðun á reglum
- Starfsmaður félagsmálanefndar undirbýr fundi og vinnur að málum er heyra undir nefndina
- Ábyrgð á samþættingu verkefna og þverfaglegu samstarfi á fjölskyldusviði

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði félags- eða heilbrigðisvísinda, svo sem félagsráðgjöf til starfsréttinda
- Framhaldsháskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Þekking og reynsla af félagsþjónustu, teymisvinnu og stjórnun skilyrði
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, skipulagshæfni og sjálfstæði
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Aðalsafnaðarfundur Eyrarbakkasóknar 2020

Aðalsafnaðarfundur Eyrarbakkasóknar verður haldinn þriðjudaginn 3. mars kl. 20 í Eyrarbakkakirkju. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf. Allir eru hjartanlega velkomnir.
Sóknarnefnd Eyrarbakkakirkju.



Aðalfundur Félags sauðfjárbænda í Árnessýslu verður haldinn mánudagskvöldið þann 9. mars kl. 20:30 í Félagsheimilinu á Flúðum.

Gestir fundarins verða:
Unnsteinn Snorri, framkvæmdastjóri LS
Guðfinna Harpa, formaður LS

Stjórn FSÁ



Rauði krossinn

Aðalfundur Rauða krossins í Hveragerði verður haldinn að Austurmörk 7 í Hveragerði, **fimmtudaginn 5. mars kl. 20:00.**

Venjuleg aðalfundarstörf

Kaffiveitingar

Félagar og sjálfbóðaliðar deildarinnar eru hvattir til að mæta.

Nýir félagar eru velkomnir á fundinn.

Stjórnin

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið: „Lausar kennslustofur við Vallaskóla 2020“



Verkið felur í sér smíði og uppsetningu á tveimur færanlegum kennslustofum og tengigangi á lóð Vallaskóla á Selfossi. Innifalið í tilboðsverði skal vera allur kostnaður við smíði, undirstöður, uppsetningu, flutning, lagnir og lagnaskurði og frágang í verklok. Einnig byggingarstjórn, hönnun og samskipti við byggingaryfirvöld.

Verklok eru 20. ágúst 2020

Helstu magntölur eru:

Færanlegar kennslustofur	2 stk
Tengigangur	u.þ.b 21 m
Lagnaskurðir	60 m


Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með **fimmtudeginum 27. febrúar 2020**. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við skrifstofu Eflu á Suðurlandi í síma **412 6900**, eða með tölvupósti í netfangið **utbod.sudurland@efla.is** og gefa upp nafn, heimilisfang, símanúmer og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti. Tilboðum skal skila til Eflu verkfræðistofu, Austurvegi 1-5, 800 Selfoss fyrir **kl. 11.00 föstudaginn 6. apríl 2020** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Árborg eignadeild

Hönnun og framkvæmdir í ráðhúsi Árborgar

Gísli H. Halldórsson,

bæjarstjóri
Sveitarfélagsins
Árborgar



Í framhaldi af greinaskrifum Lbæjarfulltrúa D-listans í Dagskrána, 12. febrúar síðastliðinn, er nauðsynlegt að bregðast við og taka af öll tvímæli um að undirritaður, sem bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar, tók ákvörðun um val á arkitektum til að hanna breytingar á ráðhúsi Árborgar. Sú ákvörðun var tekin á grunni þekkingar undirritaðs á störfum arkitektanna og að lokinni kynningu fyrir stjórnendum, m.a. á sviðsstjórafundi sem haldinn var þann 17. janúar 2019. Undirrituðum þykir því miður ef skilja mátti svar hans, í bæjarráði þann 6. febrúar sl., á þann veg að ábyrgð á ákvörðun væri vísað á sviðsstjóra.

Mikilvægt var að hönnunarláusnir yrðu snjallar, þannig að rúma mætti aukna starfsemi án þess að ráðast í kaup á öðru húsnæði með tilheyrandi breytingum, eða byggingu á nýju, sem hefði hreinlega verið of tímafrekt og kostnaðarsamt. Undirritaður hafði frá fyrri tíð frábæra reynslu af störfum og ráðsnilli Björns Hallssonar sem arkitekts og hafði einnig starfað með Ólöfu Valdimarsdóttur á meðan hún var byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar. Í ljósi þeirrar reynslu óskaði bæjarstjóri eftir að fá kynningu frá BÓ arkitektum á sviðsstjórafundi í janúar 2019 til að kanna grundvöll fyrir samstarfi. Í framhaldi sviðsstjórafundar óskaði bæjarstjóri eftir kostnaðaráætlun BÓ arkitekta vegna endurhönnunar ráðhússins í heild sinni og lagði þá áætlun og umræður á sviðsstjórafundi til grundvallar ákvörðun um að hefja samstarf.

Það er ekki alltaf hægt að biða

Breytingar í ráðhúsinu voru orðnar mjög aðkallandi á síðasta ári. Kjartan Björnsson bæjarfulltrúi D-lista benti m.a. á það í fyrirspurn sinni, þann 25. september 2019, að breytingar á ráðhúsi hefðu verið til umræðu í nokkur ár - en ekkert verið gert!

Það var einfaldlega ekki lengur tími til þess að gera ekki neitt. Umræddar breytingar, sem hófust í lok síðasta sumars, voru m.a. gerðar á grunni samþykkrar fjárhagsáætlunar 2019 og tillagna sem kynntar voru í bæjarstjórn í mars á síðasta ári. Því til viðbótar var áriðandi að gera ráðstafanir þannig að nauðsynleg þjónusta rúmist áfram í ráðhúsinu þrátt fyrir ört vaxandi þjónustuþörf í stækk-

andi sveitarfélagi. Breytingarnar munu auk þess færa húsið og starfsemina til nútímalegra horfs, en það var löngu orðið nauðsynlegt.

Í grein sjálfstæðismanna er spurt hvort þenja þurfi út stjórn-sýsluna. Það hljómar auðvitað eins og fólkið í ráðhúsinu muni hafa lítið fyrir stafni - sem er firra. Reikna má með að þetta sé sett fram í pólitísku skyni því að bæjarfulltrúarnir hljóta að gera sér grein fyrir þeim verkefnum sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir. Á síðustu árum hefur aðkeypt þjónusta frá verkfræðistofum og ýmsum sérfræðingum valdið yfirþyrmandi miklum kostnaði fyrir sveitarfélagið. Það er vandi sem nú er verið að ná tökum á og hefur þegar náðst mikill árangur. Kannski greinarhöfundar vilji halda í þá gömlu kostnaðarsömu vegferð að kaupa sem mest frá einkafyrirtækjum - með tilheyrandi missi á þekkingu og yfirsýn - og þá má alveg spyrja í þágu hverja það sé.

Uppfærslan á ráðhúsinu er því hvorki óþarfi né sýndarmennska, heldur er um að ræða hagsmuni sveitarfélagsins og framkvæmdirnar nauðsynlegar til að styrkja starfsemina þannig að skila megi verkefnum sveitarfélagsins með sóma. Þá þarf tæpast að ræða hve mikilvægt er að geta boðið starfsfólki upp á gott starfsumhverfi.

Undirbúningur og áætlanir

Hafið er yfir allan vafa að framkvæmdir í ráðhúsinu eru nauðsynlegar og að um er að ræða þarft verk í þágu sveitarfélagsins. Jafnframt er engin ástæða til að ætla annað en að vel hafi verið farið með fjármuni og að kostnaður verksins standist samanburð við önnur sambærileg verk og kostnaðarstaðla. Hinsvegar skal ekki draga dul á að mistök áttu sér stað í framgangi málsins. Sérstaklega er það leitt að viðauki við fjárhagsáætlun skyldi ekki samþykktur fyrir en í október, því að núverandi bæjaryfirvöld hafa lagt áherslu á að gera viðauka tímanlega - nokkuð sem allur gangur var á hér áður.

Mistök sem orðið hafa eiga sér ýmsar skýringar en í megin-dráttum var rót vandans miklar mannabreytingar sem áttu sér stað á sama tíma og verið var að vinna að undirbúningi framkvæmdanna. Þær leiddu til þess að stjórnun verkefna dreifðist á fleiri hendur en æskilegt hefði verið. Reyndar hefur stjórnun verkefna sveitarfélagsins legið í svo miklum mæli hjá verkfræðistofum og einkafyrirtækjum úti í bæ á undanförunum árum að yfirsýn innan sveitarfélagsins

hefur versnað, álag aukist og kostnaður vaxið. Trúlega hefur þetta gerst vegna of mikils aðhalds í mannaáráðningum.

Það var augljóst forgangsverkefni síðastliðið sumar að stofna og byggja upp nýja framkvæmda- og tæknideild á mannvirkja- og umhverfissviði, en hlutverk deildarinnar er m.a. að hafa yfirsýn og stjórn á öllum framkvæmda- og viðhaldsverkefnum Árborgar, undirbúa kostnaðar- og fjárhagsáætlanir og tryggja góð kjör til sveitarfélagsins. Deildin tók til starfa um miðjan ágúst 2019 að loknum ráðningum sviðsstjóra sviðsins, deildarstjóra, og verkefnastjóra og hefur nú þegar náð mjög góðum árangri í stjórnun og kostnaðaráhaldi.

Afsökunarbeiðni

Á grunni kostnaðaráætlunar sem lá fyrir í september samþykkti bæjarstjórn, í október 2019, auknar framkvæmdir í ráðhúsinu upp á um 35 milljónir, með viðauka við fjárhagsáætlun. Einnig samþykkti bæjarstjórn 40 m.kr. framlag til framkvæmdanna í fjárhagsáætlun ársins 2020.

Samkvæmt upphaflegu kostnaðarmati var gert ráð fyrir að hönnunarkostnaður gæti orðið um 18,5 m.kr. vegna allra hæða hússins. Þegar viðauki vegna framkvæmdanna var lagður fyrir bæjarstjórn í október misförst alfarið að taka tillit til hönnunarkostnaðar arkitekta sem var þá þegar orðinn talsverður. Þetta leiddi til þess að samþykktur viðauki og fjárhagsáætlun 2020 vegna framkvæmda í ráðhúsi er um 20 m.kr. lægri en annars hefði átt að vera. Enginn nema undirritaður getur tekið ábyrgð á þessum mistökum og biðst því afsökunar á þeim.

Hönnun er að mestu lokið og var fundur framkvæmda- og tæknideildar með arkitektum haldinn í vikunni. Á grunni þess fundar verður ljóst hvaða hönnun er enn eftir og farið yfir hugsanleg frávik í kostnaði. Það er trú undirritaðs að kostnaður vegna hönnunar verði eins og eðlilegt má teljast miðað við umfang og eðli verksins og nærri því sem upphaflega var áætlað.

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Kökubasarinn seldist upp á 20 mínútum!

Foreldrar og starfsmenn fjórða bekkjar í Barnaskólunum á Eyrarbakka og Stokkseyri munu halda kökubasar til styrktar Hlöðveri Þorsteinssyni og konu hans Þóru Ósk Guðjónsdóttur þann 15. febrúar nk. á Stað á Eyrarbakka. Í tilkynningu frá foreldrum segir að: „Við viljum rétta þeim hjálparhönd á þessum erfiðu stundum, en þau eru búin að lenda í hverju áfallinu á fætur öðru. Fyrir tæpu ári fékk Hlöðver heilablóðfall sem gerði það að verkum að hann var lengi á sjúkrahúsi og fór síðan í kjölfarið í langa endurhæfingu á Grensás. Þóra er með lömunarsjúkdóm. Þau eiga 3 börn. Í byrjun febrúar datt Hlöðver úr stiga heima hjá sér og fékk slæman heilahristing o. fl. meiðsl. Hann er búinn að vera á sjúkrahúsi síðan þá og var mjög illa áttað-

ur og mun þurfa endurhæfingu á nýjan leik. Þrátt fyrir þessi áföll og fleiri sem hafa dunið á þeim eru þau alltaf brosandir og jákvæð og ávallt reiðubúin að rétta öðrum hjálparhönd, svo nú er komið að okkur að hjálpa þeim.“ Kökubasarinn verður á Stað, Eyrarbakka, laugardaginn 15. febrúar frá klukkan 12. Allir eru hvattir til að mæta og kaupa kökur og styðja þannig við bakkið á fjölskyldunni. Þá biðja aðstandendur söfnunarinnar þá sem það geta að gefa kökur á basarinn þannig að nóg verði í boði. Tekið verður á móti kökum frá kl. 11.30 á Stað.

Þá er hægt að leggja inn á söfnunarreikning og styðja þau þannig beint. Reikningsnúmerið er: 0123-15-100291, kt. 131273-5419.



Leikskólanum Álfheimum veitt viðurkenning á ráðstefnu Landverndar

Við getum öll haft áhrif. Ráðstefna Skóla á grænni grein 2020 var yfirskrift ráðstefnu Landverndar sem var haldin 7. febrúar sl. Þar var fjallað um þær áskoranir sem fylgja skólastarfi á tímum loftslagsbreytinga og var sjónum beint að valdeflandi aðferðum og verkfærum sem nota má með nemendum. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra veitti viðurkenningar og leikskólinn Álfheimar fékk viðurkenningu fyrir langt og farsælt starf með verkefnið Skólar á grænni grein.

Í umsögn Landverndar kemur fram: „Álfheimar hóf þátttöku í Skólum á grænni grein árið 2003 en hafði fram að því verið þátttakandi í verkefni Landverndar „Vistvernd í verki“ vegna mikils áhuga á umhverfismálum. Skólinn hefur frá

stofnun hans lagt mikla áherslu á útinám og hefur hann vakið sérstaka athygli fyrir verkefnið „Gullin í grenndinni“ sem er samvinnuverkefni á milli leik- og grunnskóla sem snýst um útinám. Leikskólinn hefur jarðgert allan sinn úrgang frá upphafi og er nú með s.k. ánamoltu þar sem lífrænar leifar eru brotnar niður með hjálp ánamaðka. Börnin hafa alla tíð verið mjög virk í öllu umhverfisstarfi skólans.

Leikskólinn Álfheimar hefur frá því í júní 2004 flaggað Grænfanum sem er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum og skipar vistvernd í verki stóran sess í starfi skólans. Grænfaninn er afhentur til tveggja ára í senn og fékk leikskólinn hann endurnýjaðan 2006, 2008, 2010, 2012, 2014, 2016 og 2018. -gpp



Úthlutun orlofshúsa Bárunnar, stéttarfélags fyrir sumarið 2020



Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins í Grýluhrauni 9, Þverlág 2 á Flúðum, Borgarbyggð 12 í Svignaskarði (skiptibústaður), í Kiðárskógi 10 í Húsafelli (skiptibústaður) og íbúð á Akureyri (Ásatún 12) til leigu sumarið 2020 fyrir félagsmenn. Umsóknarfrestur er frá 26. febrúar til 18. mars nk.

Sótt er um á orlofsíðu Bárunnar, hægt er að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, 800 Selfoss eða í síma 480 5000.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 23. mars nk. Öllum umsóknum verður svarað. Greiðslufrestur er 2 vikur eftir að úthlutað verður.

Verð á vikuvöl í bústöðunum er 20.000 kr. og fyrir íbúð á Akureyri 22.000 kr.

Vikuleigan á Flúðum, Grýluhrauni og Svignaskarði er frá föstudegi til föstudags. Vikuleigan á Akureyri og Húsafelli er frá miðvikudegi til miðvikudags.

Tímabilin eru:

Þverlág 2, Grýluhrauni 9, Borgarbyggð 12 – frá 29.05.2020 - 28.08.2020.
Akureyri, Kiðárskógur 10 – frá 03.06.2020 - 02.09.2020.

Íbúðinni í Sóltúni 28, Reykjavík, verður ekki úthlutað heldur verður hún í sveigjanlegri leigu eins og ávallt.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56, 800 Selfoss – Sími 480 5000 - baran@baran.is
<https://www.baran.is>



Vantar þig heyrnartæki?



Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klíð. Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Selfossi í mars.

Selfoss
4. mars 2020

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartækni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880



Hotel
ELDHESTAR

ÞÝSKT
Hlaðborð

28 FEBRÚAR 2020 KL: 19:00

Matseðill

- BREZELN
- OBAZDA KRAUTSALAT
- ROULADEN
- LEBERKNÖDELSUPPE
- WIENER SCHNITZEL
- CORDON BLEU
- OCHSENBACKEN
- SAUERKRAUT
- KARTOFFELN
- KARTOFFELKNÖDEL
- GRILLHAXE
- TOPFEN
- SERVIETTENKNÖDEL
- SEMMELKNÖDEL
- SPÄTZLE
- BAYRISCH CRÈME
- APFELSTRUDEL
- APFELKUECHERL

Hlaðborð og gisting: 12.500 kr. á mann
Hlaðborð: 5.900 kr. á mann

Borðapantarnir: sími 480-4800 | info@eldhestar.is

Íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

Endurreisn í Mýrinni

Selfoss vann fjögurra marka sigur í Mýrinni síðastliðið mánudagskvöld, 29-33, en Selfyssingar áttu harma að hefna gegn Stjörnunni eftir síðasta leik liðanna í Coca Cola-bikarum.

Sigur Selfyssinga var aldrei í hættu. Strákarnir náðu frumkvæðinu strax í byrjun og slepptu því aldrei. Þeir náðu fimm marka forskoti undir lok fyrri hálfleiks en leiddu með fjórum mörkum í leikhléi, 11-15. Stjarnan náði að minnka muninn niður í þrjú mörk í byrjun seinni hálfleiks en þá gáfu Selfyssingar í og náðu mest sjö marka forystu þegar um 10 mínútur voru eftir af leiknum. Selfoss gaf aðeins eftir undir lok leiks en sigurinn aldrei í hættu

og glæsilegur fjögurra marka sigur á sterku liði Stjörnunnar staðreynd, 29-33.

Haukur Þrastarson var markahæstur með 8/4 mörk, Magnús Öder Einarsson skoraði 7 og Atli Ævar 6 mörk. Einar Sverrisson skoraði 5 mörk og þeir Ísak Gústafsson, Daniel Karl Gunnarsson og Tryggvi Þórisson voru allir með tvö mörk. Guðni Ingvarsson skoraði eitt mark. Alexander Hrafnkels-son varði 8 skot (33%) og Einar Baldvin Baldvinsson 5 skot (27%). Selfoss er því áfram í 4. sæti deildarinnar með 25 stig, jafnmörg stig og Haukar og Afturelding. Nú tekur við bikarpása en næsti leikur strákanna er í Hleðsluhöllinni gegn Haukum.



Magnús Öder lék á als oddi og skoraði 7 mörk í leiknum. Umf. Selfoss/ IH



Halldór Jóhann (t.v.) innsiglar samninginn við Þóri Haraldsson formann handknattleiksdeildar. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÞG

Halldór Jóhann tekur við Selfoss

HANDBOLTI Handknattleiksdeild Umf. Selfoss hefur ráðið Halldór Jóhann Sigfússon sem þjálfara meistaraflokks karla frá og með næsta tímabili, en Halldór skrifaði undir þriggja ára samning við Selfoss. Auk þess að þjálfari meistaraflokk mun hann verða framkvæmdastjóri handknattleiksakademíunnar sem deildin rekur í samstarfi við Fjölbrotaskóla Suðurlands.

Halldór er uppalinn KA-maður og spilaði auk þess með Fram hér heima. Þá hefur hann einnig spilað með TSG Friesenheim

og TUSEM Essen í Þýskalandi. Hann hóf þjálfaraferil sinn hjá kvennaliði Fram sem hann gerði að Íslandsmeisturum árið 2013. Halldór þjálfaði FH í fimm ár og gerði liðið að deildarmeisturum árið 2017 og bikarmeisturum í fyrri. Þá er hann einnig aðstoðarþjálfari A-landsliðs kvenna.

Handknattleiksdeild Selfoss er gríðarlega ánægð með að hafa náð samningi við Halldór sem mun halda áfram því metnaðarfulla starfi sem hefur verið í gangi á Selfossi undanfarin ár. -esó

Sigur hjá stelpunum í Eyjum

HANDBOLTI Stelpurnar okkar gerðu góða ferð til Eyja og sigruðu ÍBV U með þremur mörkum, 25-28 á sunnudag.

Selfyssingar tóku frumkvæðið strax í byrjun og stýrðu leiknum frá upphafi, þær voru tveimur mörkum yfir í hálfleik 12-14. Stelpurnar gerðu þetta spennandi undir lok leiks og náðu Eyjastúlkur að jafna leikinn, 25-25, þegar um fimm mínútur voru eftir. Selfyssingar skoruðu hins vegar síðustu þrjú mörkin og sigldu báðum stigunum heim.

Mörk Selfoss: Katla María Magnúsdóttir 10/2, Agnes Sigurðardóttir 6, Katla Björg Ómarsdóttir 5, Elín Krista Sigurðardóttir 4, Hulda Dís Þrastardóttir 2/1, Rákel Guðjóns-



Katla María var allt í öllu í sóknarleik Selfoss. Ljósmynd: Umf. Selfoss/IHH

dóttir 1. Varin skot: Henriette Östergaard 17.

Enn sitja stelpurnar sem fastast í þriðja sæti deildarinnar með 28 stig. Næsti leikur hjá

stelpunum er í Hafnarfirði á föstudaginn kl. 19:30 gegn FH, sem situr í öðru sæti deildarinnar, sannkallaður toppslagur þar á ferð.

Fjöldi Sunnlendinga tók þátt í hæfileikamótun N1 og KSÍ

KNATTSPYRNA Hæfileikamótun N1 og KSÍ var með æfingar á Suðurlandi þann 6. febrúar. Alls mættu 33 leikmenn frá þremur félögum á Suðurlandi á æfingarnar sem fóru fram í Ham-

arshöllinni í Hveragerði. Leikmenn stóðu sig að vanda með sóma og gáfu allt í æfingarnar sem gengu vel.

Umsóknarmenn æfinganna voru Lúdvík Gunnarsson, þjálf-

ari í hæfileikamótun og Elías Örn Einarsson, markmannsþjálfari. Þeim til aðstoðar að þessu sinni var Fanney Úlfarsdóttir, þjálfari hjá KFR.

Ljósmyndir: KSÍ



Fjórir Selfyssingar í hæfileikamótun HSÍ og Bláa Lónsins

HANDBOLTI Fjórir Selfyssingar voru á dögum valdir í hæfileikamótun HSÍ og Bláa Lónsins sem fram fer helgina 28. febrúar til 1. mars nk. Þar æfa strákar og stelpur fædd árið 2006 og fá leikmenn smjörþefinn af því hvernig yngri lands-

lið HSÍ æfa hverju sinni. Að þessu sinni voru þeir Birkir Óli Gunnarsson, Guðmundur Stefánsson, Jónas Karl Gunnlaugsson og Sesar Örn Harðarson valdir til þátttöku. Þjálfarar eru þau Halldór Jóhann Sigfússon og Rákel Dögg Bragadóttir.



F.v. Jónas Karl, Sesar Örn og Guðmundur (á myndina vantar Birkir Óla). Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÞG

Mikil festa í starfi júdódeildar

JÚDÓ Fram kom á aðalfundi júdódeildar UMFS, sem fór fram í Tíbrá sl. fimmtudag, að mikil festa er í starfsemi deildarinnar. Íðkendum fjölger ári frá ári, góður árangur náðist á mótum bæði innanlands sem utan og er fjárhagur deildarinnar afar traustur. Stjórn deildarinnar var öll endurkjörin á fundinum.

Aðalfundur taekwondo-deildar Selfoss fer fram í Tíbrá þriðjudaginn 3. mars kl. 20:00.



Þór Davíðsson (t.v.) og Egill Blöndal. Ljósmynd úr safni Umf. Selfoss



1. deild karla í körfubolta

SELFOSS - SKALLAGRÍMUR

Fimmtudaginn 27. feb. kl. 19:15

Íþróttahús Vallaskóla



Suðurlandsdeildin heldur áfram göngu sinni

HESTAÍÞRÓTTIR Þriðjudaginn 18. febrúar var gríðarlega sterk keppni í Suðurlandsdeildinni þar sem keppt var í fjörgangi. Að venju voru 48 knapar úr 12 liðum sem öttu kappi. Frábær stemming var í höllinni og full stúka. Fóðurblandan gaf öllum knöpum í úrslitum fóðurbæti í verðlaun og var einnig með kynningu í anddyri Rangárhallarinnar og þökkum við þeim kærlega fyrir. Í úrslitum atvinnumanna þurfti sætaröðun til þess að skera úr um sigurvegara og voru það Elin Holst og Gígur frá Ketilsstöðum sem sigruðu en Brynja Amble á Goða frá Ketilsstöðum liðsfélagi hennar í liði Byko varð í öðru sæti. Í úrslitum áhugamanna var Elin Magnea Björnsdóttir á Melódiu frá Hjarðarholti sem sigraði eftir gríðarlega sterk úrslit þar sem 8 knapar áttu sæti. Það var lið Krappa sem sigraði liðakeppnina í fjörgangi en lið þeirra átti 3 knapa í úrslitum, það voru Lea Schell á Kná frá Korpu sem endaði í 6. sæti í flokki atvinnumanna og í flokki áhugamanna voru það Karen Konráðsdóttir á Lilju frá Kvistum sem endaði í fjórða sæti og Þorgils Kári Sigurðsson á Fákí frá Kaldbak



Úrslit atvinnumanna. Ev. Lea Schell, Stella Sólveig Pálmarsdóttir, Hanna Rún Ingibergsdóttir, Sara Sigurbjörnsdóttir, Brynja Amble, Elin Holst, Ólafur Þórisson formaður Geysis, Einar Asgeirsson frá Fóðurbliðundunni, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson mótstjóri Suðurlandsdeildarinnar og Alma Gulla Matthíasdóttir stjórnarmaður í Suðurlandsdeild. Mynd: Eiofaxi.is



Úrslit áhugamanna. Mynd: Eiofaxi.is

endaði í þriðja sæti. Glæsilegur árangur hjá liði Krappa.

Eftir fyrstu tvær keppnirnar er það lið Byko sem leiðir liðakeppnina með 142 stig en lið

Húsasmíðjunnar kemur fast á hæla þeirra með 133 stig.

Næsta grein í Suðurlandsdeildinni er fimmgangur sem fram fer þann 3. mars nk.

Danijel Majkic til liðs við Selfoss

KNATTSPYRNA

Knattspyrnu-deild Selfoss hefur samið við Danijel Majkic um að leika með liðinu í 2. deild í sumar. Danijel er 32 ára og er frá Bosnía.



„Fyrstu dagarnir voru sérstakir hér og tók það mig smá tíma að venjast breyttum aðstæðum en þetta verður bara betra með hverjum deginum,“ segir Danijel.

Hann getur leyst nokkrar stöður á vellinum í vörn og á miðju. Danijel hefur komið víða við á sínum ferli og spilað í löndum eins og Svíþjóð, Rússlandi, Líbíu og í heimalandinu, Bosnía.

„Ég hef í raun bara heyrt góða hluti um landið og fólkið. Leikmennirnir, þjálfararnir og fólkið í kringum félagið hefur verið frábært hingað til. Svo hefur heimsbyggðin fengið að fylgjast með uppgangi íslenska boltans undanfarnin ár svo að ég ákvað að stökkva til og prófa að spila á Íslandi,“ sagði Danijel að lokum.



Meistaramót Íslands fullorðinna innanhúss 2020:

Eva María Íslandsmeistari

FRJÁLSAR MÍ fullorðinna var haldið í Kaplakrika um liðna helgi, 22. – 23. feb. HSK Selfoss átti þar góðan hóp keppenda sem öll stóðu sig með þryði. Uppskeran var eitt gull, eitt silfur og eitt brons, ásamt HSK-metum og persónulegum bætingum.

Eva María Baldursdóttir Selfoss sigraði í hástökki kvenna er hún vippaði sér yfir 1,76 m og bætti sig innanhúss um þrjá cm. Nú á hún jafnhátt innan- og utanhúss. Þetta er HSK met í þremur flokkum stúlkna; 16–17 ára, 18–19 ára og 20–22 ára. Fjöla Signý Hannesdóttir Selfoss hirti

silfrið í 60 m grindahlaupinu á finum tíma 9,10 sek. en hún á best 9,00 sek. og Hildur Helga Einarsdóttir einnig í Selfoss tók svo brons í kúluvarpi kvenna með kast upp á 11,19 m. HSK Selfoss átti að sjálfsögðu fleiri keppendur sem stóðu sig allir vel og voru flestir að bæta sinn persónulega árangur. Goði Gnýr Guðjónsson Heklu er einn þeirra en hann setti HSK-met í flokki 16–17 ára pílta, bætti sig um rúmar fimm sek. í 800 m hlaupi karla þegar hann kom fimmti í mark á 2:06,38 mín. Nánar má lesa um úrslit mótsins á fri.is.

Guggusund - ungbarnasund

Ný námskeið hefjast 12., 13. og 14. mars

Byrjendur frá 2 mánaða
Námskeið 2: ca. 7-14 mánaða
Námskeið 3: ca. 1-2 ára
Námskeið 4: ca. 2-4 ára
Námskeið 5: ca. 4-6 ára
Sundskóli fyrir börn 5-6 ára og eldri

Skráning og upplýsingar á guggahb@simnet.is og í síma 848 1626. Sjá Guggusund á www.selfoss.net.

Guðbjörg H. Bjarnadóttir, íþróttakennari



Útboð

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið: **KAMBALAND 2020.**

Verklök eru 15. október 2020.

Verkið felur í sér gerð á nýjum götum í hverfinu, Kambalandi í Hveragerði. Búið er að grafa laust efni upp úr hluta af götustæðum og leggja hluta af fráveitu og kaldvatnsstofnum.

Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði samkvæmt kennisniðum, leggja styrkar- og burðarlög, malbika götur og gangstíga og steypa kantsteina.

Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annara veitulagna.

Helstu magntölur eru:

• Gröftur	2660 m ³
• Styrktarlag og fylling í lagnaskurði	5800 m ³
• Fleygun	1300 m ³
• Malbik	3360 m ³
• Fráveitulagnir	860 m
• Vatnsveitulagnir	400 m
• Hitaveitulagnir	610 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 17. feb. 2020. Senda skal beiðni um útboðsgögn á Bárð Árnason á netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn bjóðanda, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði, fyrir kl. 11:00, miðvikudaginn 4. mars 2020 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Byggingafultrúinn í Hveragerði



HVERAGERÐISBÆR

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands**
Miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
Föstudaga kl. 10-12 í Strók
facebook.com/batasetur

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavígðerðir.
Hjólástillingar
HEKLA® Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ATVINNA

Menntaður matreiðslumaður,
með rúmlega 30 ára starfs-
reynslu, óskar eftir vinnu á
Selfossi eða nágrenni. Sími 659
5828. Netfang: nordurstigur@
hotmail.com. Eduardo.

ÞJÓNUSTA

B.R. FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

FUNDIR

**Vöflukaffi með
íslenskum rjóma og
rabarbarasultu!**

Átjándi vöflukaffi vetrarins
verður haldið
næsta föstudag
28. febrúar á
Eyravegi 15
annarri hæð
klukkan 17. Gestur fundarins
verður Guðni Ágústsson fyr-
verandi landbúnaðarráðherra
og Selfyssingur. Hann mun
m.a. ræða um hlutverk MBF-
hússins í nýjum miðbæ
Selfoss, landbúnað sem er
hornkerling í stjórnarráðinu,
og verður óspar á sögur af
fólki sem léttir lundina á
góunni. Allir velkomnir.

Hádegisfundur

Hádegisverðar-
fundur verður í
sal Tryggvaskála
laugardaginn 29.
febrúar kl. 11:30.
Súpa dagsins fyrir fundar-
gesti gegn vægu gjaldi. Allir
velkomnir.
Sjálftæðisfélagið Óðinn

KIRKJUR

Selfoskirkja
Messa sunnudaginn 1. mars kl.
11:00. Kirkjukórinn syngur, org-
anisti Edit A. Molnár. Prestur
Gunnar Jóhannesson. Súpa og
brauð á eftir messu. Sunnu-
dagskólinn kl. 13:00.

Sólheimakirkja
Messa í Sólheimakirkju kl. 14.00
sunnudaginn 1. mars. Altaris-
ganga. Prestar sr. Birgir Thom-
sen og Kristján Valur Ingólfsson.
Organisti Ester Ólafsdóttir.

Árbæjarkirkja
Guðsþjónusta sd. 1. mars, kl.
11.00. Boðið í heita súpu í safn-
aðarheimilinu á eftir.

Hagakirkja
Guðsþjónusta sd. 1. mars, kl.
14.00. Boðið í kaffi í safnað-
arheimilinu á eftir.

Stokkseyrarkirkja
Eyrarbakkaprestakall sameigin-
legur sunnudagaskóli í Stokks-
eyrarkirkju sunnudaginn 1. mars
kl. 11.00. Biblíusögur, söngur og
spjall. Rebbi refur kemur í heim-
sókn.

Hrepphólakirkja
Kirkjuskóli laugardaginn 29.
febrúar kl. 11. Biblíusaga, söng-
ur og gleði. Umsjón: Óskar,
Jóna Heiðis og Margrét Inga.

Hrunakirkja
Hversdagsmessa fimmtudaginn
5. mars kl. 20. Söngur, orð, hug-
vekja og bæn.

Víkurkirkja í Mýrdal
Æskulýðsguðsþjónusta með
þátttöku kirkjuskólábarna úr öllu
prestakallinu verður í Víkurkirkju
nk. sunnudag, 1. mars, kl. 11:00.
Sungnir verða söngvar sem
henta öllum aldri. Brian R.
Haroldsson og félagar í
Samkórnum leiða tónlistina.
Hafdís og Klemmi, Tófa og
Nebbi munu kíkja í heimsókn.
Fjölmennum og tókum þátt í
skemmtilegri samkomu í kirkju-
inni. Fullorðnir sérstaklega vel-
komnir.

Hveragerðiskirkja
Fjölskyldumessa kl. 11. Umsjón
með stundinni hafa sr. Ninna Sif
og Signý Ósk. Kirkjukórinn
syngur undir stjórn Miklós
Dalmay.

Kotstrandarkirkja
Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Ninna
Sif Svavarsdóttir þjónar,
Kirkjukór Hveragerðis-
og Kotstrandarsóknar syngur undir
stjórn Miklós Dalmay.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma,
sunnudagaskóli og kaffiveit-
ingar. English translation ava-
ilable. www.selfossgospel.is.

Skálholtsdómkirkja
Messa sunnudag 1. mars kl.
11.00. Sr. Egill Hallgrímsson
annasta prestsþjónustuna.
Organisti er Jón Bjarnason.

Mosfellskirkja í Grímsnesi
Messa miðvikudagskvöld 4.
mars kl. 20.30. Sr. Egill Hallgríms.
annast prestsþjónustuna.

HEILSA

Hugurinn,
líkaminn
og sálin

Jakvæðar hugsanir breyta deginum

Energy Touch • Nudd • Nálastungur • Nívutund
Sími 6932197

Ragnhildur Sigurðardóttir
Canal Energy • Breytingarverðum
Jákvæð sálfræði
Ham, Yoga, NLP Master/Coach www.thesunflower.is



Endurmenntun lbhí

Námskeið fyrir þig!

Matjurtaræktun í
óupphituðum gróðurhúsum

29. mars hjá

Lbhí á Reykjum í Ölfusi

endurmenntun.lbhi.is
endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

Vefsíðugæð | Netmarkaðssetning | Leitarvélabestun | Samfélagsmiðlar

Markaðssýn



Markaðssýn er lítil vef- og markaðsstofa sem leggur mikla
áherslu á persónulega þjónustu.
www.markadssyn.is | 519 6960

ERUM A
SELFOSSI

Ný markmið og áherslur Upp- byggingarsjóðs Suðurlands

Uppbyggingarsjóður Suðurlands er hluti af Sóknaráætlun Suðurlands. Með samþykkt nýrrar Sóknaráætlunar Suðurlands 2020-2024 hafa verið samþykkt ný markmið og áherslur sjóðsins fyrir sama tímabil. Ný markmið og áherslur opna tækifæri fyrir ný og fjölbreyttari verkefni. Uppbyggingarsjóður Suðurlands er samkeppnissjóður sem þýðir að vel mótuð verkefni, skýrar og góðar umsóknir, eru líklegri til að hljóta styrki. Búið er að opna fyrir umsóknir fyrir fyrri úthlutun úr sjóðnum á þessu ári og verður opið fyrir umsóknir til og með 3. mars, kl. 16.00. Uppbyggingarsjóður Suðurlands úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er seinni úthlutun að hausti. Á síðasta ári var úthlutað samtals 52 styrkjum til atvinnu- og nýsköpunarverkefna og 101 styrk til menningarverkefna. Hæsti styrkur á síðasta ári var 2,5 m.kr.

Umsóknir fyrir verkefni í sjóðinn geta uppfyllt eina eða fleiri áherslur sjóðsins en skilryði er að öll verkefni uppfylli



Mynd: Hjörtur Leví.

að lágmarki markmið sjóðsins í þeim flokki sem það tilheyrir, menningu eða atvinnu- og nýsköpun. Ráðgjafar á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) eru staðsettir á sex stöðum á Suðurlandi og eru tilbúnir til að aðstoða við mótun verkefna og veita ráðgjöf við gerð umsókna. Ítarlegri upplýsingar um sjóðinn, ráðgjafa sjóðsins og fyrri úthlutanir eru að finna á heimasíðu samtakanna, www.sass.is.

Guðlaug Ósk Svavarsdóttir,
ráðgjafi SASS.

Veðramót á Vetrarbraut



Opnun á Vetrarbrautinni og myndlistarsýningunni Veðramót á Stracta hóteli.

Slegnar verða tvær flugur í einu höggi þegar nýr norðurljósa-gangur sem fengið hefur nafngiftina Vetrarbrautin og myndlistarsýning Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur Veðramót verður opnuð með pompi og prakt á Stracta hóteli, Hellu nk. föstudag 21. febrúar kl. 17:00 – 19:00

Hreiðar Hermannsson eigandi Stracta hótels hefur lengi vel verið með norðurljósa-ganginn á teikniborðinu og fagnar því að nú hefur hann loksins litið dagsins ljós. En gangurinn mun auka mjög á gæði og þjónustu við gesti hótelsins.

Sunnan við Stracta hóteli hafa tveir herbergisgangar risið á síðastliðnum árum sem hingað til hafa ekki verið tengdir aðalbyggingunni og gegnir gangurinn því stóru hlutverki fyrir heildarmynd Stracta þorpsins sem smám saman hefur verið að stækka síðan hótelið var opnað 2014.

Vetrarbrautin er hönnuð úr gleri og var hugmyndin sú að

gestir hótelsins geti setið undir stjörnuþjórtum himni og notið norðurljósanna innandyra án þess að standa úti á köldum vetrarnáttum. En einnig verður hægt að njóta kvöldhressingar, setjast til borðs með snarl eða tylla sér á gluggasillur gangsins sem hannaðar eru sem setubekkir.

Við gerð gangsins myndaðist rými sem tilvalið er sem sýningarými fyrir myndlistarmenn en heimamaðurinn Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir mun vígja rýmið með sýningunni Veðramót en hún er þekkt fyrir ótrúlega áhrifaríkar veðurfarsmyndir. Sýningin er sölusýning og mun verða opin gestum og gangandi fram í júní.

Hrafnhildur Inga er fædd og uppalin í Fljótshlíðinni þar sem hún eyðir löngum stundum og sækir því myndefnið mikið í veðurtilbrigði sem blasa við henni meðfram suðurströnd landsins. Móðir náttúra er viðfangsefnið og birtist oft og tíðum í sinni ógnvekjandi mynd þar sem jörð og haf mætast með sínum mikilfenglega krafti sem engin fær við ráðið. Málverk Hrafnhildar Ingu sýna hamslaust sjólag og dularfullar skýjamyndanir en draga mann samt að sér með ljósi og mýkt eins og á góðum dögum þegar móðir náttúra sýnir okkur vægð og hlýju með geislum sínum.



Brunavarnir Rangárvallasýslu semja við Trésmiðju Ingólfs á Hellu

Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu kom saman til fundar þann 20.2.2020 og undirritaði verksamning við Ingólf Rögnvaldsson frá Trésmiðju Ingólfs ehf. um 2. áfanga við byggingu nýrrar slökkvistöðvar á Hellu. Fyrirtæki Ingólfs átti lægsta tilboð í verkið, samtals 32.585.507 kr. en kostnaðaráætlun verksins hljóðaði upp á 38.331.646 kr. Umsjón og eftirlit með verkinu af hálfu verkkaupa verður í höndum Ólafs

Rúnarssonar aðstoðarmanns byggingarfulltrúa Rangárpings eystra og eldvarnaeftirlitsmanns Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Um er að ræða fullnaðarfrágang við framtíðar slökkvistöð Brunavarna Rangárvallasýslu á Hellu. Á neðri hæð hússins verður tækjasalur auk snyrtiaðstöðu en á þeirri efri verður starfsmannarými auk skrifstofu-aðstöðu. Heildarverklök eru 15. maí 2020.



Á myndinni eru í aftari röð f.v. Valtýr Valtýsson, Guðmundur J. Gíslason, Anton Kári Halldórsson og Ágúst Sigurðsson. Í fremri röð f.v. Hjalti Tómasson og Ingólfur Rögnvaldsson.



Barnaverndarstofa

Matráður á Lækjarbakka

Barnaverndarstofa auglýsir starf matráðs við meðferðar- og skólaheimilið Lækjarbakka, 851 Hellu. Um er að ræða fullt starf.

Meginverksvið er umsjón með eldhúsi, matreiðslu og rekstri eldhúss. Jafnframt skal viðkomandi taka virkan þátt í öllum heimilisstörfum og öðrum tilfallandi verkefnum.

Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfni, reynslu af störfum með unglíngum og gild ökuréttindi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjanda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum SFR og ríkisins.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Yngvi Karl Jónsson, forstöðumaður Lækjarbakka, í síma 487 5163 eða á netfangið yngvi@bvs.is.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2020. Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu á netfangið bvs@bvs.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Auglýsingin gildir í 6 mánuði frá birtingu.

FSU

FJÖLBREYTNÍ SKÖPUN UPPLÝSING

OPIÐ HÚS

ÞRIÐJUDAGINN 3.mars kl.16:30-18:30

10. bekkingar og forráðamenn þeirra eru sérstaklega velkomnir.

Kynnt verður fjölbreytt námsframboð skólans, bóknám, iðn- og starfsnám.

Heitt á könnunni Sjáumst í FSU!

STÚDENTSBRAUTIR — STÚDENTSBRAUTIR STARFSNÁM — IÐN- OG STARFSNÁMSBRAUTIR

GRUNNMENTAÞRÚ — STARFSBRAUT — ÍPRÓTTAKAÐEMÍUR — ÖFLUGT FÉLAGSLÍF — GLEÐI

Arion banki tilkynnir lokun á útibúi á Kirkjubæjarklaustri



Það er óhætt að segja að það hafi komið illa við marga þegar Arion banki tilkynnti lokun útibúsins á Kirkjubæjarklaustri, en samkvæmt heimildum á bankinn að fara 1. mars. Í grein sem Sigrún Sigurgeirsdóttir ritar í Fréttablaðið 20. febrúar sl. segir hún m.a.: „Þeir sem vilja búa og starfa á landsbyggðinni verða að geta reitt sig á að grunnþjónusta sé til staðar.“ Í samtali við íbúa á svæðinu segja þeir þetta arfaslæmt. Öll fyrirtæki þurfa að leggja inn skiptimynt og fá skiptimynt. Þá eru ýmsir íbúar sem treysta sér ekki til að fara

alfarið yfir á tölvu. Auðheyrð er að íbúar eru uggandi yfir stöðunni.

Langar vegalengdir milli Hafnar og Víkur

Næstu bankaútibú fyrir íbúa á svæðinu yrði í Vík eða á Höfn. „Það eru 70 kílómetrar frá Klaustri yfir á Vík og mun lengra fyrir suma Skaftfellinga.“ Ein nefnir að fyrir sig væri um 140 km ferð í næsta bankaútibú verði þetta raunin. Eldri maður lét hafa eftir sér að líklega fengi hann sér bara banka í Reykjavík, „því ég þarf þangað þegar ég hitti lækni eða börnin mín“. Þá

segir ungur maður sem rekur lítið ferðaþjónustufyrirtæki að hann muni ekki vera í viðskiptum við bankann, fari hann. „Ef Arion banki ætlar ekki að vera hér þá ætla ég ekki að vera áfram með viðskipti í Arion banka. Ég þarf oft að leggja inn innkomuna í fyrirtækinu og sækja skiptimynt.“

Útibúum fækkar og þjónustan verður stafræn

Í samtali við Arion banka kemur fram að umtalsverðar breytingar hafi orðið á bankaþjónustu á liðnum árum. Þjónustan fari í æ ríkari mæli í gegn um stafrænar þjónustuleiðir. „Sú þróun hefur ekki síst gagnast þeim sem búa í dreifðari byggðum þar sem hægt er að framkvæma flestar aðgerðir í netbanka eða appi. Í takt við þessa þróun hefur Arion banki gert breytingar á sínu útibúaneti og fækkað útibúum bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þannig er útibúanetið í stöðugri þróun og hafa verið uppi áform um að loka afgangi bankans á Kirkjubæjarklaustri en hafa þess í stað nýjan innlagnarhraðbanka. Nú erum við með í skoðun að hafa jafnframt starfsmann á staðnum nokkra daga í mánuði. Tekin verður ákvörðun hvað það varðar á næstu dögum,“ segir Haraldur Guðni Eiddsson, forstöðumaður samskiptasviðs Arion banka. -gpp



Húsfyllir var á sýningu Leikfélags Hveragerðis á sýningunni Þjóðsaga til næsta bæjar um síðustu helgi. Sýningunni hefur verið vel tekið að sögn leikfélagsins. Bæði börn og fullorðnir skemmtu sér konunglega yfir ævintýrunum sem lifnuðu við á senunni. Hér sjáum við foreldra Hlína kóngssonar umkomna af sorg yfir sonarmissinum. Signý karlsdóttir er um það bil að fara að segja þeim gleðitíðindi af Hlína. -gpp

Lagnþjónustan ehf
 Pípulagnir - Efnissala
 482 2311 ☎ 696 2311
 Skrifstofa Þjónustusími

BÓNFEÐGAR

 Gagnheiði 51 - Selfossi
 Símar 482 2327 - 848 2327
 - Sækjum og skilum -

Jiibbií

Siggafærðir
 - Flutningaþjónusta -
 Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
 Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
 Reykjavík - Selfoss
 Hella - Hvolsvöllur
 Sími 772 6010

FROST
 KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
 HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
 HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

expert kæling
 Sími 660 2970
 Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
 Ísskápaútgærdir - Almennar raflagnir

Slökkvitæki ehf
 Hleðsla - Sala - Þjónusta
 Austurvegi 52 - Selfossi
 Sími 666 9990
 Verslum við litla manninn

hádegistilboð
 12:00-16:00

hafidblaa.is
 483-1000
 12:00-20:00 fim-sun

Rétting og málun
 Vottað rétttingaverkstæði
 Cabas tjónaskoðun
 Breiðumýri 1, Selfossi
 ☎ 480 8020

FYLGDI
 Útfararþjónusta

 Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
 Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
 Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
 www.vinnuvelaskolinn.is

Josera
 Gæludýrafóður
 Fæst hjá **BYKO Selfossi**

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
 Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði
 Gagnheiði 5, Selfossi
 Sími 482 1980

Hjólbarðþjónusta Magnúsar
 Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar Smurþjónusta
 Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
 Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
 GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílruðuskipti

Bilverk BA
 - Þar sem fagmennurir vinna
 ★★★★★ Vottað verkstæði
 Gagnheiði 3 - Selfossi
 Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is